

# *Þetta var show*



Eiríkur Jónsson fjölmiðlamaður á sér enga hliðstæðu í fjölmiðlaheiminum. Tobba Marinós hitti Eirík. – sjá síðu 10



## FIMM ÞÆTTIR

SEM BRYNJAR  
STEINN ER AÐ  
HORFA Á

Brynjar Steinn Gylfason, betur þekktur sem Binni Glee, er samfélagsmiðla-stjarna sem nýtur gífurlegra vinsælda á Snapchat. DV sló á þráðinn og spurði Binna hvað hann væri að horfa á um þessar mundir.

## 1 The Circle US

Ókei, það sem ég er alla-vega búinn að vera að horfa á er The Circle US, þeir eru á Netflix og eru æðislegir raunveruleikaþættir.

## 2 Glee

Síðan eru það þættirnir Glee. En þeir eru mínir uppáhalds-þættir og ástæðan fyrir því að ég kallast Binni Glee á samfélagsmiðlum. Glee er sem sagt „my go-to“ þættir í lífinu og hafa verið í meira en 10 ár og ég fæ aldrei leið á þeim. Er það „obsessed“ með þá að ég er með tattú þar sem stendur „Glee“ og skírði mig það á samfélagsmiðlum.

## 3 Star

Það eru söngvaþættir. Ég elska að horfa á þætti með tónlist og söng.

## 4 Killing Eve

Það eru morðþættir. Allt sem tengist svona „murder-criminal“ elska ég og reyni að horfa á eins mikið þannig og ég finn.

RuPaul's  
DRAG RACE

## 5 RuPaul's Drag Race

Svo er það að sjálfsgöðu RuPaul's Drag Race. Það er ný sería í gangi núna og hún er orðin ein af uppáhaldsseríunum af öllum þeim 12 sem hafa komið.

## Er þetta frétt?

Hvað er frétt er áhugavert hugtak sem fer aldrei úr tísku. Fréttamat okkar er klárlega misjafnt og eru til hinar fínustu skilgreiningar á því hvað skuli flokkast sem frétt og best þykir að þær séu okkur nálægt í tíma og rúmi. Fréttablæðið er stanslaust og kemur alls staðar að. Með tilkomu samfélagsmiðla er flæðið í frjálsu falli og klukkan er vart orðin níu þegar flóðið hefur skolið á þér í gegnum síma, útvarp og samtöl við þína nánustu. Hvað er að fréttu?

Fréttir eru mikilvægar. Þær tryggja öryggi okkar og á tímum sem þessum sjáum við hversu mikilvægt það er að fylgjast með þróun mála til að tryggja afkomu fjölskyldunnar, líkamlega, andlega og fjárhagslega. Harðar fréttir eru mikilvægar en mjúkar fréttir ekki síður til að forða okkur frá djúpri sálarlegri

lægð sökum bólsóts og almennra leiðinda. Í forsíðuvíðtali blaðsins er rætt við einn helsta stjórnblaðamann landsins ef svo má að orði komast. Stjórnfréttir eru og verða alltaf vinsælar. Ég starfaði um tíma á Séð og heyrt. Blaði sem enginn kannaðist við að kaupa en var þó á þeim tíma mest selda tímarit landsins og mokaðist inn um lúgur landsmanna sem lásu það í leyni, sakbitnir af eigin gægjuþörf. Eða hvað? Er það ómerki-legt að hafa áhuga á öðru fólki?

Við skulum ekki gleyma að fólk hefur safnast saman til að horfa á opinberar aftökur frá upphafi alda.

Er þá svo galið að þekktir einstaklingar skapi þekkt vandamál og vesen sem dragi að sér lesendur? Líklega ekki. Engu að síður er það kannski ekki falleg þörf sem fylgir mannskepnunni. En hún er þarna.

Það heyrst einnig ósjaldan kallað: Er þetta frétt? Hver les þetta rugl? Nú væntanlega sá sem æpir og skammast. Ein



leiðin til að breyta fréttum er að smella ekki á þær sem þú vilt ekki lesa, því fái þær ekki lestur dregur það klárlega úr þeim er framleiða þær. Framboð og eftirspurn og allt það. Fjölmíðilinn er nefnilega oftast spegill og endurkastar því sem lesandinn vill. Sem dæmi flæddi Fjöltnir Þorgeirsson yfir alla prent- og netmiðla um tíma þegar hann var upp á sitt besta með Kryddpíu í einni og glansbrækur í hinni. Fólk gat ekki hætt að láta það fara í taugarnar á sér hvað hann fékk mikla umfjöllun. En vittu til, hann seldi blöð og fékk smelli á vefmiðlum.

Fjölmíðlar þurfa klárlega að vanda sig að koma fram við viðmælendur af virðingu og gæta að sannleiksgildi með vönduðum vinnubrögðum. En ábyrgðin liggur líka hjá lesandanum.

Smelltu vel. ■

## Látið þingmennina mína vera!

## SVART HÖFÐI

Nú getur Svarthöfði ekki setið á sér lengur. Hvaða uppbot er þetta vegna ósköp lítilvægra launa-hækkana hjá okkar æðstu ráðamönnum? Má ekkert lengur? Er afbrýðin og hatrið gegn þeim sem hafa það aðeins betra en við orðin þetta mikil? Það myndi ekki hvarfla að Svarthöfða að gegna þingstörfum nema hann fengi fyrir það vænar fúlgur fjár, jafnvel óhöflegar fúlgur fjár. Enda eru þeir sem gegna þessu starfi ekkert öfundsverðir.

Þetta er gífurlega flókinn stóladans þar sem reglurnar eru margar og flóknar. Ímyndum okkur það flóknasta borðspil sem við höfum spilað og flækjum það svo þrefalt. Þá höfum við grófa hugmynd um

hvernig þessi pólitíski stóladans fer fram. Þarna höfum við meiri- og minnihluta. Minnihlutinn má vera með meirihlutanum í liði, en meirihlutinn má alls ekki vera með minnihlutanum í liði. Þá viðurkennir hann yfirburði minnihlutans að einhverju leyti og tapar leiknum.

Minnihlutinn má helst ekki vera of sammála meirihlutanum, það væri nefnilega viðurkenning á að meirihlutinn stæði sig vel. Meira að segja minnihlutinn má ekki leika fallega endalaust með öðrum í minnihlutanum. Nei, það þarf að passa að engum minnihluta sé veitt meira en hinum. Því í minnihlutanum eru enn allir að dansa stóladansinn. Tónlistin stoppar nefnilega ekki almennilega fyrr en það eru kosningar.

Svo er það skotboltinn. Það

þarf alltaf að gagnrýna hinn og þennan sem er ekki með þér í liði. Ná nógu góðu skoti. Pólitísku skoti. Vel getur verið að þessum sömu aðilum semji þrýðilega utan þingsins, en það má helst enginn vita.

Svarthöfði sagði skilið við þessa barnalegu leiki í grunn-skóla og tekur þá ekki upp nema fyrir fúlgur fjár.

Fyrir utan það hvað þingmenn verða stöðugt að rit-skoða sjálfa sig og passa upp á hegðun. Það má ekki skella sér á bar án þess að hafa varann á, í reynd mega þingmenn helst ekki fá sér í glas á almannaþæri af hættu á að verða næsta stóra fréttamál. Það þarf að gæta að því hverjir vinir manns eru, hverjir óvinir manns eru. Svo er það náttúrulega flokkurinn og skuggastjórnendur þar sem þarf að friða, ganga hagsmuna

þeirra og stíga ekki á röngu tærnar.

Ef Íslendingar þyrftu að fara eftir þessum reglum á sínum hefðbundnu vinnustöðum myndu þeir nú annaðhvort hætta í vinnunni eða fara fram á kauphækkun.

En það virðast þingmennirnir ekki mega undir neinum kringumstæðum. Svarthöfði segir bara – Ef þér líkar þetta ekki, farð þú þá bara á þing. Því jafnvel ef ekki verður af þessum launahækkunum getur Svarthöfði fullvissað þig um að það er ekki gert í þágu almennings eða samfélagsins til að sýna samstöðu. Það er bara enn eitt útspilið í hinum endalausla Alþingis-stóla-leiks-kotbolta. Enn eitt úthugaða útspilið sem mun alveg klárlega gagnast einhverjum og þú getur treyst því að sú mann-eskja ert ekki þú. ■

# Sýningarsalir **HEKLU** á vefnum eru alltaf opnir



Í **sýningarsal** HEKLU á vefnum getur þú skoðað úrval bíla frá Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi. Þú sérð hvaða bílar eru til frá öllum merkjum HEKLU, hvaða litir og útfærslur eru í boði ásamt því að sjá hvað bílar eru væntanlegir til landsins. Þú getur auðveldlega sent inn fyrirspurn um uppáhalds bílinn þinn og auðvitað líka tekið hann frá og pantað.

Í **vefverslun** HEKLU er einnig að finna mikið úrval aukahluta fyrir bílstjóra, farþega og bílinn sjálfan. Þar getur þú keypt allt frá bílstólum og toppbogum yfir í farangursbox og felgur.

Komdu í heimsókn í **vefverslun** HEKLU, þar sem er alltaf opið.

[www.hekla.is/vefverslun](http://www.hekla.is/vefverslun)



Við hjá **HEKLU** leggjum okkur fram við að veita viðskiptavinum góða þjónustu nú sem endranær. **Allt kapp er lagt á að vernda starfsfólk og viðskiptavini** og fylgjum við tilmælum Landlæknisembættisins um sóttvarnir.

## ALLIR VINNA!



Nú er **virðisaukaskattur endurgreiddur** af vinnulið vegna bílaviðgerða. Rétt til endurgreiðslu eiga einstaklingar utan rekstrar og skilyrði er að bifreiðin sé í eigu umsækjanda og greiðanda. Fjárhæð vinnuliðar þarf að ná að lágmarki 25.000 kr. án virðisaukaskatts. Ekki er endurgreitt vegna varahluta eða annarra íhluta.

Heimildin gildir frá 1. mars 2020 og er því afturvirk og gildir út árið 2020. Þeir viðskiptavinir sem komu með bifreið í þjónustu eftir 1. mars geta óskað eftir afriti af reikningi á [thjonusta@hekla.is](mailto:thjonusta@hekla.is). Hægt er að sækja um endurgreiðsluna á [www.rsk.is](http://www.rsk.is)



## SÓTTVARNIR

Við hvetjum viðskiptavini okkar til að **nýta rafrænar leiðir** í samskiptum við okkur og kappkostum að svara fyrirspurnum eins hratt og auðið er. Sóluráðgjafar HEKLU eru aðgengilegir í síma á opnunartíma í gegnum tölvupóst og netspjall.



## AFGREIÐSLUTÍMI

**Afgreiðslutími HEKLU breytist tímabundið.** Opið er í sýningarsölum HEKLU á milli klukkan 10.00 og 17.00 virka daga en lokað um helgar. Þjónustumóttaka verkstæðis og varahluta er opin milli klukkan 07.45 til 17.30 virka daga.



## SNERTILAUS AFGREIÐSLA

Við hvetjum viðskiptavini verkstæðis til að **nýta snertilausa afgreiðslu** með því að **skilja eftir bíllykilinn í læstum skilakassa** sem er við vinstri aðalhurð HEKLU. Þar er umslag sem hægt er að fylla út með nánari upplýsingar en svo má einnig ná í upplýsingablað á [www.hekla.is](http://www.hekla.is) til útprentunar, fylla út og setja með í umslagið. Við tæmum skilakassann reglulega. Eins er hægt að nýta snertilausa afgreiðslu við móttöku með því að ganga frá **greiðslu símléiðis** í síma 590 5030 með greiðslukorti áður en bíllinn er sóttur og fær viðskiptavinur lykilinn afhentan í poka við komu. Í þeim tilfellum er hægt að hringja í síma þjónustuvers eða senda tölvupóst á [thjonusta@hekla.is](mailto:thjonusta@hekla.is).



## VERKSTÆÐI

Á verkstæðinu nota bifvélavirkjar okkar **viðurkenndar varnir** til að vernda sig og viðskiptavini. Áður en starfsmaður sest inn í bílinn er lykill og allt snertisvæði bílsins sótthreinsað, stýri, skiptistöng, handbremsa og hurðarhandföng og einnota ábreiða sett yfir sæti. Fyrir skil er ferlið endurtekið og **sóttthreinsaður lykill** settur í lokaðan poka. Á meðan ástandið varir getum við því miður ekki boðið upp á **skutlþjónustu** en hægt er að leigja bíl á meðan á viðgerð stendur. Í þeim tilfellum gætum við þess að sóttthreinsa bílaleigubíllinn vel að innan áður en viðskiptavinur fær bílinn í hendurnar.



## SÝNINGARSALIR

Við gætum þess að fylgja kröfum varðandi hreinlæti og sóttthreinsun svæða. **Sóttvarnir** eru aðgengilegar í öllum sýningarsölum okkar og beinum einnig tilmælum til viðskiptavina og starfsfólks að hafa **tveggja metra fjarlægð** á milli. Þá hafa allir sýningarsalir HEKLU verið aðskildir til að takmarka óþarfa umferð og þess er gætt að einungis 20 séu samankomnir á hverju svæði í einu.



## MEST LESIÐ

## Á DV Í VIKUNNI

**1** Eiga ekki von á því að fá Víði Reynisson aftur til starfa

KSÍ á ekki von á því að fá Víði aftur til starfa í fullt starf, sambandið vonast til þess að Víðir verði þó til taks þegar á þarf að halda.

**2** Gera grín að Birni Inga á upplýsingafundinum

Björn Ingi Hrafnsson, ritstjóri Viljans, hefur vakið mikla athygli á upplýsingafundum vegna kórónuveirunnar. Netverjar hafa gert grín að því hvernig hann kynnir sig. „Björn Ingi hjá Viljanum hér.“

**3** Þetta er veiran sem yfirvöld óttast meira en COVID-19 – Allt að 77% dánartíðni

Nipah-veiran sem fyrst fannst í Malasíu fyrir aldamótin er talin hafa alla burði til að valda stórum faröldrum. Veiran getur valdið banvænni heiliahimnubólgu og er ekkert bóluefni eða lækning til við veirunni.

**4** Frægir Íslendingar á lausu

DV tók saman lista yfir fræga Íslendinga sem eru einhleypir um þessar mundir.

**5** Binni Löve og Kristín Péturs hætt saman

Áhrifavaldaparið Brynjólfur Löve Mogenson og Kristín Pétursdóttir er hætt saman.

**6** Breytti nafni sonar síns eftir að hún áttaði sig á því að það hljómaði eins og kynfæri

Grínistinn Amy Schumer skýrði son sinn Gene Attehl, en ákvað að skipta út millinafninu þar sem það hljómaði of líkt orðinu genital sem þýðir kynfæri á ensku.

**7** Björg hafði pakkað í töskur áður en hún hvarf

Kona sem var saknað hafði pakkað ofan í tösku áður en hún hvarf. Sem betur fer kom hún fljótlega í leitirnar heil á húfi.

**8** Sagði að eiginkonan hefði látist af völdum COVID-19 – Ekki var allt sem sýndist

Bandaríkjamaður tilkynnti fjölskyldu konunnar sinnar að hún væri mjög veik af COVID-19. Það reyndist lygi.

## Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



## Stefnir í 17% atvinnuleysi

Samkvæmt Vinnumálastofnun er gert ráð fyrir alls 50 þúsund einstaklingum á atvinnuleysissskrá, þar með talið í hlutabótaúrræði. Atvinnuleysi í apríl stefnir í 17%, þar af um 10% í minnkuðu starfshlutfalli. Samkvæmt Unni Sverrisdóttur, forstjóra Vinnumálastofnunar, er mikið álag á stofnuninni núna og því má búast við að afgreiðslutími lengist.

## Fólk slakar of fljótt á

COVID-19 faraldurinn er á niðurlæið hér á landi og nú stýttist í að samkomubann verði afnumið í litlum skrefum, því fyrsta þann 4. maí næstkomandi. Landsmenn virðast þó hafa slakað aðeins of mikið á, en um síðustu helgi mátti sjá myndir af mörgum á samfélagsmiðlum í heimapartýum, og margt var um manninn í mörgum verslunum landsins.

## Ætlar að stöðva komur innflytjenda

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, ætlar að stöðva allar komur innflytjenda til Bandaríkjanna vegna COVID-19 faraldursins. Þetta tilkynnti hann á Twitter á þriðjudaginn þar sem hann greindi jafnframt frá því að hann ætlaði sér að skrifa forsetatilskipun vegna málsins.

## Víðir tekst á við nýtt hlutverk

Víðir Reynisson, sennilega þekktasti lögreglumaður á Íslandi í dag, hefur nú fengið nýtt hlutverk. Syni hans og tengdadóttur fæddist stúlka í vikunni og er Víðir því orðinn afi.

## Vonast til að Íslandsmót geti hafist í júní

Formaður KSÍ, Guðni Bergsson, greindi frá því á dögunum að vonir stæðu til að Íslandsmótið í knattspyrnu geti hafist í júní í sumar, en mótið átti að hefjast í apríl. Íþróttafélögin geta hafið æfingar að nýju þann 4. maí. Til skoðunar er hvort mótið verði haldið án áhorfenda sökum COVID-19 og samkomubanns.

## Loka á æsifréttamiðla

Harry Bretaprins og eiginkona hans Meghan Markle greindu frá því að hvorki þau né samskiptateymi þeirra myndi hafa nokkuð að gera með fjóra stóra æsifréttamiðla í Bretlandi. Þessir tilteknu miðlar hefðu ítrekað ritað um hjónin fréttir sem væru villandi, rangar eða gífurleg árás á einkalíf þeirra.



## Skírnir rekinn

Séra Skírnir Garðarsson héraðsprestur var rekinn eftir ellifu ára starf sökum trúnaðarþrengis. Er hann talinn hafa rofið trúnaðarskyldu þegar hann greindi frá því að Anna Auora hefði svikið fé frá kirkjunni. Þetta er í annað sinn sem Skírni er sagt upp störfum vegna atvika sem tengjast bakverðinum Önnu Auroru. Hefur Skírnir lýst því yfir að hann sé afar hryggur vegna ákvörðunar biskups um að segja honum upp störfum.

## Ríkisstjórn kynnir aðgerðapakka tvö

Ríkisstjórnin kynnti á þriðjudag seinni aðgerðapakka sinn vegna áhrif COVID-19 á efnahag fyrirtækja og einstaklinga. Fyrirtækjum, sem var gert skylt að hætta starfsemi vegna sóttvarnareglna, verður bættur skaðinn, að minnsta kosti að hluta. Smærri fyrirtækjum verður boðið upp á einfaldara lánaúrræði en þau brúarlán sem áður hafa verið kynnt. Fyrirtæki geta fengið frest á skattgreiðslum vegna ársins 2019 sem hefðu átt að koma til greiðslu á þessu ári. Stórauka á heilsgæsluna til að styðja betur við geðrækt og efla fjarheilbrigðisþjónustu. 100 milljónum verður veitt í aðgerðir vegna heimilisofbeldis og 200 milljónir fara í stuðning við fjölskyldur langveikra barna. Komíð verður til móts við háskólanema og er undirbúið að skapa þeim um 3.500 störf í sumar. Heilbrigðisstarfsfólk fær álagsgreiðslur vegna COVID-19 og síðan verður veittur stuðningur til einkarekinna fjölmíðla til að bregðast við þeirri stöðu sem uppi er.

**MI NOTE 10:**

Mi Note 10 pakkar fimm myndavélum sem hver og ein hefur sitt fram á að færa - meðal annars 108MP myndflögu. Ekki nóg með það heldur kemur síminn með rísa stórra 5.260mAh rafhlöðu sem endist auðveldlega í 2 daga í mikilli notkun. Hvort sem þú ert atvinnu ljósmyndari eða að stíga inn í fullorðins árin, þá viltu ekki láta þetta tryllitæki framhjá þér fara!

Xiaomi á Íslandi | Síðumúli 23 bakatil, 108 Reykjavík | 537-1800 | www.mii.is



# Náttúrulegt Þörunga magnesium

# Mikil virkni

Gott að taka inn á morgnanna

- Uppspretta orku í frumunum
- Nauðsyn fyrir efnaskipti og brennslu
- Styður vellíðan og einbeitingu
- Minni sykurlöngun og streita
- Veitir slökun og betri svefn
- Tauga- og vöðvastarfsemi

Þægileg bragðlaus inntaka í köldu vatni.

Þörungamagnesium þolir magasýrur.

Mikil upptaka í líkamanum. Fæst bæði í dufti og hylkjum.

Frábært að blanda út í olíu til að nudda stífa vöðva.

Nánar um magnesium á [www.celsus.is](http://www.celsus.is)



Hreinir  
þörungar

3ja mánaða  
skammtur

 **lifestream**  
náttúruleg uppspretta bætiefna

Fæst í apótekum, Hagkaup, Fjarðarkaupum, Heilsuhúsinu, Melabúðinni, Græn heilsa.



Anna Aurora var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar til að sinna starfi bakvarðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

MYND/ANTON

# HVER ER ANNA AURORA WAAGE?

Hér gefur að líta hluta af ferli Önnu Auroru í gegnum árin. Þess ber að geta að stuðst er við opinber gögn og staðfestar heimildir.

Ritstjórn  
dv@dv.is

**A**nna Aurora Waage Óskarsdóttir komst í fréttirnar fyrr í mánuðinum eftir að hún var handtekin í Bolungarvík grunuð um að hafa villt á sér heimildir til að starfa réttindalaus sem sjúkraliði í bakvarðasveit Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, auk þess sem hún var sökuð um lyfjastuld. DV hafa undanfarnar vikur borist hátt í hundrað ábendingar frá fólki sem segir Önnu Auroru hafa leikið tveim skjöldum, logið til um starfstitla eða menntun eða boðið fram sérfræðipjónustu á ýmsum sviðum, svosem lögmannspjónustu og skattaráðgjöf, án þess að hafa tilskilin réttindi.

## Úr Mosfellsbænum

Anna Aurora Waage Óskarsdóttir er fædd 7. júlí 1983. Samkvæmt heimildum DV er fæðingarnafn hennar Anna Jóna Óskarsdóttir. Mun hún hafa notað fæðingarnafn sitt

fram á unglingsaldur en síðan bætt við eftirnafninu Waage. Anna Aurora ólst upp í Mosfellsbæ og er yngst þriggja systkina.

Samkvæmt heimildum DV gekk Anna Aurora í Varmárskóla í Mosfellsbæ. Að loknu grunnskólaprófi stundaði um tíma nám við Fjölbrotaskólann í Ármúla og Borgarholtskóla en engar heimildir eru til staðar um að hún hafi lokið stúdentsprófi frá íslenskum eða erlendum skóla.

Sambýlismaður Önnu er Hreinn Heiðar Oddsson, fæddur 24. janúar 1974, og eiga þau fimm börn á aldrinum 8-15 ára.

## 2007-2010

Samkvæmt gögnum sem DV hefur undir höndum var einkahlutafélagið LF verk ehf. stofnað í júní 2007 og starfsemin flokkuð undir leigu atvinnuhúsnæðis. Í mars 2009 var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins, Önnu Auroru (þá Anna Jóna Óskarsdóttir) og Hreini Heiðari Oddssyni, stefnt fyrir dóm af tveimur

verktökum sem störfuðu hjá fyrirtækinu árið 2007 og fram í ársbyrjun 2008. Kröfðust þeir vangoldinna vinnulauna, sem dómurinn féllst á að hluta.

Annar starfsmaðurinn staðfesti í samtali við DV að hann hefði á sínum tíma verið ráðinn í verktakavinnu fyrir fyrirtækið til að sinna framkvæmdum á Litlu Fellsöxl í Hvalfjarðarsveit, þar sem reisa átti sumarbústaði. LF verk ehf. var úrskurðað gjaldþrota í janúar 2010. Samkvæmt opinberum gögnum var Anna Jóna Óskarsdóttir skráður þinglýstur eigandi að Litlu Fellsöxl 4, ásamt Hreini Heiðari Oddssyni. Í mars 2011 var eignin auglýst á nauðungaruppbóði.

## 2012

DV hefur heimildir fyrir að minnsta kosti tveimur kærnum sem lagðar hafa verið fram á hendur Önnu Auroru vegna fjársvika. Sú fyrri var lögð fram árið 2013 en í samtali við DV bað kærlandinn um nafnleynd. Hann segir Önnu

Auroru hafa verið kallaða inn í skýrslutöku vegna málsins á sínum tíma. Engin ákæra hafi þó verið gefin út.

„Í kringum 2012 kynnist ég henni einhvern veginn á netinu og hún þykist vera lögfræðingur. Ég átti í hálfgerðum útistöðum við lögfræðistofu sem mér fannst ekki standa sig gagnvart mér. Hún þóttist geta leyst öll mín vandamál og ég lagði einhvern 40 þúsund plús inn á hana. Hún tók við persónuupplýsingum frá mér og fleirum. Já, hún ætlaði að sækja eitt hvert skjal sem kostaði 25.000 minnir mig. Svo þegar ég fór að yta á hana þá þóttist hún vera upptekin við önnur mál,“ segir kærlandinn sem á þessum tíma bjó í sama bæjarfélagi og Anna Aurora.

„Eftir að ég kærði og gekk á hana fluttu þau héðan. Ég var í rauninni í afneitun. Því ég beit á agnið, lét hana hafa pening og persónulegar upplýsingar. Ég vildi ekki trúá því að þetta væru vandar blekkingar. Þetta eru vandar minningar að rifja upp.“

Þess ber að geta að í tölvuþóstsamskiptum Önnu Auroru og kærlandans frá þessum tíma, sem DV hefur afrit af, titlar Anna Aurora sig sem „hdl og löggildan verðbréfasala“. Þá titlar hún sig einnig sem stjórnarmann í stjórn

Samherja á Íslandi og Samskipta ltd.

## 2013

Árið 2013 var Anna Aurora búsett í Mosfellsbæ. DV og fleiri fjölmiðlar greindu frá því á dögnum að árið 2013 hefði hún sótt um fjárhagsaðstoð úr neyðarsjóði Lágafellskirkju í Mosfellsbæ en á þeim tíma þjónaði Skírnir Gardarsson þar sem prestur. Skírnir grunaði hana um græsku og spurdist fyrir um gögn þau er hún lagði fram til stuðnings umsókninni. Í kjölfarið kærði Anna Aurora Skírnir fyrir persónuverndarbrot vegna þessarar eftirgrennslanar og leiddi það til þess að honum var sagt upp störfum.

Í febrúar 2013 var Anna Aurora, þá Anna J. Waage, kjörin formaður Barnanna okkar, samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík. Á heimasíðu samtakanna kom fram að hlutverk þeirra væri að „standa vörð um hagsmuni og velferð leikskólabarna á leikskólum Reykjavíkurborgar“. Í tengslum við það sat Anna meðal annars fundi í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar. Samtökin voru lögð niður í ágúst sama ár. Í samtali við RÚV á sínum



# Gleðilegt sumar!

## Á MÚRBÚÐARVERÐI



**Kaliber**  
PREMIUM GRILL

**53.990**

**Kaliber gasgrill**  
4 brennarar, (12kW)  
Grillflötur 62x41cm



**39.990**

**Kaliber Ferðagasgrill**  
2 brennarar (5kW)  
Grillflötur 53x37cm

**Kaliber gasgrill**  
3 brennarar (9kW).  
Grillflötur 60x42cm

Prýsti-  
jafnarar  
fylgja  
öllum  
grillum



**Lavor háprýstidæla NJ Plus 130**  
Orka Max: 1800W  
Prýstingur Max: 130 bör  
Vatnsflæði Max: 420 l/klst

**14.990**



**Lavor háprýstidæla STM 160 ECO**  
Orka: 2500 W max  
Hámarksprýstingur: 160 bör

**31.885**



**44.985**

**MOWER CJ18**  
BS 3,5hp Briggs&Stratton  
mótor, rúmtak 125 CC,  
skurðarvidd 46cm/18".  
Safnpoki að aftan 60 L,  
skurðhæð og staða  
25-80mm/10



**28.985**  
**Sláttuorff Mow FBC310**

Sláttuorff: 1cylinder  
loftkældur mótor. 0,7 kW  
Rúmtak 31CC,  
Stærð bensintanks 0,65 L



**67.985**

**MOWER CJ20G**  
Sláttuvél m/drifi, Briggs&Stratton  
mótor, rúmtak 150CC, skurðarvidd  
51cm 20" Safnpoki að aftan  
65L, hliðarútskilun.  
Skurðhæð og staða  
25-75mm/8



Pretul  
Laufhrífa  
**765**



**Bensinbrúsi**  
m/stút - rauður 5 L  
**1.295**



Hjólborur 80L  
**4.185**

**MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM**

Truper haki /tréskaft  
**2.735,-**

Malarhrífa  
**1.995,-**

**2.190,-**

**2.695,-**

**2.490,-**

**2.390,-**

**1.990,-**

**1.790,-**



Truper 10574  
**1.855,-**



Garðskafa  
**1.495,-**



Strákústur m/stálfestingu  
30cm breiður  
**895**

**Flottir blómapottar Mikið úrval**  
Verð frá **195** kr.



Bláakorn 5 kg  
**1.685**

Gróðurmold 20 l.  
**595**  
40 l kr. 1.095

Grasfræ 1 kg  
**1.235**

Bíla/glugga  
þvottakústur  
3 metrar  
**3.497**

Bíla & gluggaþvotta-  
kústur, gegn um  
rennandi 116>180cm,  
hraðtengi með lokun  
**2.995**

**Meistar plockari**  
**1.690**

Pretul greinaklippur  
**995**



25 stk. 110 lítra ruslapokar **1.295**  
10 stk. 200 lítra ruslapokar **895**  
25 stk. 110 lítra flokkunarpokar **1.295**  
10 stk. 200 lítra flokkunarpokar **990**



Meister Slöngu-kerra  
**5.490**

Meister  
garðyfírbreiðsla  
margar stærðir  
verð frá  
**495**

Creative Super Seal 5 lítra  
**11.990**

25 lítra **26.390**



**Stey pugljái á stéttina**  
- þessi sem endist



20m Meister  
garðslanga með  
tengjum  
**2.790**

<b>Reykjavík</b>	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Hafnarfjörður</b>	Selhelli 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Reykjanesbær</b>	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla, alltaf!

## Framhald af síðu 6

tíma sagði Anna að ástæðan væri skortur á stuðningi og áhuga Reykjavíkurborgar. Samstarfið við Reykjavíkurborg gekk að hennar sögn ekki vel. „Við getum ekki rekið starfsmann. Við getum ekki rekið skrifstofu á þessu fé sem við erum að fá,“ sagði hún meðal annars.

Anna Aurora er skráður eigandi fyrirtækisins Farmvernd og akstur ehf. sem stofnað var í apríl 2013. Í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra er starfsemi fyrirtækisins flokkuð undir akstur sendibíla og vörubíla og aðra þjónustu tengda flutningum.

## 2016

Samkvæmt upplýsingum DV bjó Anna Aurora um nokkurt skeið í Svíþjóð og starfaði þar meðal annars sem vörubílstjóri. Var hún meðal annars með skráð heimili í Kungbacka.

Í mars 2016 stofnar Anna Iona ehf. og er skráður eigandi þess. Er tilgangur félagsins „akstur vörubíla, akstur sendibíla og önnur þjónusta tengd flutningum“. Í rekstrarýfirliti ársins 2016 er engin velta skráð. Umrætt fyrirtæki var skráð gjaldþrota í október síðastliðnum.

Í september 2016 var Anna Aurora í stuttu viðtali við Fréttablaðið í tilefni þess að hún var var einn af 40 þúsund gestum sem sóttu vöruflytningabílasýninguna Elmia Lastbil í Jönköping til að kynna sér allt það nýjasta í bransanum. Fram kom í greininni að Anna væri eigandi Farmverndar og aksturs sem væri lítið verk-



Anna Aurora er 36 ára, fimm barna móðir, úr Mosfellsbænum. Henni er gefið að sök að hafa ítrekað villt á sér heimildir.

takafyrirtæki sem sæi um akstur fyrir Samskip.

„Ég keyri Scania sem er skemmtilegt því Scania leggur mikið upp úr sínum sýningum á Elmia Lastbil, sérstaklega þegar þeir kynna nýja kynslóð bíla líkt og núna,“ sagði hún í samtali við blaðamann Fréttablaðsins. Þá sagðist Anna Aurora hafa notað sýninguna til að mynda tengsl við fólk innan „bransans“ og meðal annars hefði hún komist í kynni við samtök kventrúkkara á Norðurlöndum. „Ég myndaði töluverð tengsl, bæði við aðra gesti, sýnendur og solumenn, og maður fór drekkhlaðinn af nafnspjöldum og bæklingum.“

## 2017

Fram hefur komið að eftir að Anna Aurora var flutt aftur heim í Mosfellsbæinn frá Svíþjóð var hún á tímabili virk í starfi Framsóknarflokksins. Í október 2017 birtu Framsóknarmenn í Suðvesturkjördæmi framboðslista sinn fyrir

kosningarnar á aukakjördæmisþingi í Kópavogi. Anna Aurora Waage Óskarsdóttir framkvæmdastjóri var þar í 10. sæti. Í nóvember sama ár var Anna Aurora síðan kosin í stjórn Framsóknarfélags Mosfellsbæjar þar sem hún sat í skamman tíma.

Í samtali við Mannlíf á dögunum sagði fyrrverandi samstarfsmaður hennar í stjórn máli að ákveðnar viðvörunarþjöllur hefðu farið af stað um það leyti sem Anna Aurora sóttist eftir áhrifum innan flokksins og vildi komast á þing. Henni hefði þá vísitandi verið haldið til hliðar og í kjölfarið hafi hún sagt sig frá öllum störfum í flokknum fyrir ári, vegna óánægju með að hafa ekki hlotið brautargengi innan hans.

## 2018

Fyrirnefnt fyrirtæki Önnu Auroru, Farmvernd og akstur ehf., var úrskurðað gjaldþrota í apríl 2018. Í nóvember sama



MYND/SKJÁSKOT AF TWITTER

ár var tilkynnt um stofnun sameignarfélagsins Aurora Nordic sf. Skráðir félagsmenn eru Anna Aurora og karlmaður á fimmtugsaldri, hvort með helmingshlut. Samkvæmt heimildum DV er um að ræða fyrrverandi unnusta Önnu Auroru. Í apríl 2019 segir sá maður sig úr fyrirtækinu og sambýlismaður Önnu er í staðinn skráður með 50 prósent eignarhlut. Fyrirtækið er enn skráð virkt í dag og sinnir eftirfarandi starfsemi: Lögfræðisþjónusta, bílasölu og sölu á öðrum ökutækjum, farþegaflutningum, akstri vörubíla og öðrum vöruflytningum; reikningshaldi, bókhaldi, endurskoðun og skattaráðgjöf; viðskiptaráðgjöf og annarri rekstrarráðgjöf; ferðaskrifstofustarfsemi og skipulagningu ferða.

## Sagðist vera réttarmeinafræðingur

Fyrir í mánuðinum greindi DV frá því að Anna Aurora hefði reynt að villa á sér heimildir sem réttarmeinafræðingur og sagt í tölvupósti til manns að hún hefði doktorsgráðu í þeim fræðum. Undirritun undir tölvubréf hennar sýndi þann titil. Bauð hún manningnum þjónustu sem fyrsta flokks réttarmeinafræðingur í erfðu dómsmáli sem maðurinn tengist.

Þá hefur DV einnig greint frá því að á seinasta ári kærði Örvar Friðriksson Önnu fyrir fjársvik. DV hefur undir höndum gögn sem sýna að Örvar lagði 500.000 krónur inn á reikning Önnu Auroru fyrir nokkrum árum. Kemur fram á greiðslukvittun að greiðslan sé vegna stofnunar hlutafélags. Örvar staðhæfir að Anna Aurora hafi þóst vera lögfræðingur með meistara-gráðu frá háskóla í Edinborg, og hafi talið honum trú um að hún byggi yfir dýrmætum viðskiptasamböndum. Hann hafi verið að stofna fyrirtæki á þessum tíma og hún hafi boðist til að sjá um pappírsvinnu við það ef hann legði inn hjá sér þá lágmarks inneign sem þyrfti að vera á reikningi til að hægt væri að stofna félagið. Örvar segir hana ekki hafa efnt þessi fyrirheit og eftir að hafa reynt að endurheimta féð með kröfubréfum hafi hann kært Önnu Auroru.

Þá greindi DV greint frá því að síðastliðinn vetur hafi Anna Aurora sinnt kennslustörfum í Hörðuvallaskóla í Kópavogi. Sinnir hún þeim störfum á undanþágu frá menntamálaráðuneytinu þar sem hún hefur ekki tilskilin réttindi til að starfa sem kennari. Hefur hún starfað í skólanum sem forfallakennari. Þess ber að geta að í nóvember síðastliðnum birti Anna Aurora færslu á Twitter þar sem hún sagðist vera umsjónarkennari 7. bekkjar í Hörðuvallaskóla.

Á vef Kópavogsbæjar er Anna Aurora einnig skráð sem stundakennari við Álfróls-skóla. Samkvæmt heimildum DV hefur hún einnig verið skráð sem stundakennari við Hraunvallaskóla í Hafnarfirði.

## Segist alsaklaus

Það var síðan fyrr á árinu að Anna fékk starf sem sjúkraliði í bakvarðasveit Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, nánar tiltekið á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík.

Að kvöldi 9. apríl fóru að berast ábendingar um að Anna Aurora væri ekki öll þar sem hún er séð. Morguninn eftir greindu fjölmiðlar frá því að kona úr bakvarðasveit Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða sem starfað hefði í vikunni á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík hefði verið handtekin, grunuð um að hafa falsað skjöl um menntun og starfsleyfi sín sem sjúkraliði. Þá kom fram að hún væri grunuð um að hafa stolið eða reynt að stela lyfjum.

Anna Aurora hafði þá verið mjög virk á samfélagsmiðlum og birt þar myndir og ummæli um störf sín í bakvarðasveitinni. Forsíðumynd hennar var skreytt slagorðinu „Við erum öll Almannaavarnir“.

Í kvöldfréttum RÚV birtist mynd af Önnu Auroru sem hún hafði birt á Instagram. Myndin sýnir Önnu Auroru í búningi hjúkrunarfræðings og segist hún vera að fara að „hjúkkast“.

Eftir að Önnu Auroru var sleppt úr haldi lögreglu steig hún fram í viðtali við Mannlíf þar sem hún fullyrtaði að hún væri alsaklaus og hefði ekkert að fela. Þá sagðist hún hafa ráðið sér lögmann til að stefna Gylfa Ólafssyni, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, og lögreglustjóranum á Vestfjörðum. „Ég sagði allan tímann frá því að ég væri með erlent próf en ekki íslenskt, sem ætti eftir að meta. Úti er þetta sem sjúkraliðapróf og síðan er ég líka með annað próf sem er ígildi háskólagráðu. Ég tilkynnti það strax á minni umsókn að ég væri með erlent próf og það voru allir meðvitandi um það enda tilkynnti ég það líka strax við komuna vestur. Það gerði ég um leið og ég mætti og það stóð á öllum plöggum,“ sagði Anna Aurora jafnframt.

Við vinnslu greinarinnar gerði DV ítrekaðar tilraunir til að ná tali af Önnu Auroru en án árangurs. ■

ACANA

Orijen  
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÖÐUR  
ÁN HLÍÐSTAEDU

gaeludyr.is  
www.gaeludyr.is



# ENGINN SENDINGARKOSTNAÐUR

Ef þú pantar á faeturtoqa.is fyrir klukkan 14.00 færðu vörurnar sendar heim samdægurs.



**HYPERICE**  
Hypervolt  
nuddbyssur



**BROOKS** Ghost Gtx  
Vatnsheldir



**BROOKS**  
Íþróttafatnaður  
íþróttatoppar



**Features!**  
Hlaupasokkar  
prýstisokkar



**BROOKS** Cascadia Gtx  
Vatnsheldir



**YOURBOOTS**  
prýstistígvél

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Á NETINU OG Í VERSLUNUM



**RYDERS**  
EYEWEAR  
Sportgleraugu  
uthald.is



**BROOKS** Glycerin

**FUSION**  
Hlaupafatnaður  
útivistarfatnaður



uthald.is



Hlaupafatnaður  
hlaupabúnaður



**BROOKS** Trancend



**OOFOS**  
feel the oo  
Heilsusandalar



Brooks eru  
margverðlaunaðir  
hlaupaskór ár eftir ár



## FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

20%  
AFSLÁTTUR  
ÚT APRIL



**F**yrsta starf mitt sem blaðamaður fékk ég árið 2009. Ég var ráðin sumarstarfsmaður á hinn geðþekka miðil Séd og heyrt en á þeim tíma stundaði ég nám í fjölmiðlafræði í Bretlandi. Eiríkur var þá annar aðstoðarritstjóri blaðsins en Mikael Torfason ritstjóri. Það fyrsta sem Eiríkur sagði við mig var: „Ég þoli ekki fjölmiðlafræðinga.“ Eiríkur er nefnilega þannig. Segir það sem hann hugsar.

Eir, eins og hann er kallaður, þekkir flesta, heilsar öllum og kann ótrúlegar sögur. Þegar ég spurði hann hvort hann vildi ekki koma í forsíðuviðtal hjá DV svaraði hann: „Oftar en einu sinni reyndi ég að fá Jónas Kristjánsson, læriföður minn, í viðtal, bæði í sjónvarp og útvarp, eftir að hann útskrifaði mig af DV. Svarið var alltaf eins: „Ég er með eigin fjölmiðil og liggi mér eitthvað á hjarta segi ég það þar.““

„Þú færð að lesa yfir viðtalið og við gerum þetta vel,“ sagði ég.

„Ég les aldrei yfir viðtöl. Ef það er lélegt heilsa ég fólki ekki aftur.“ Þegar hann loks gaf sig sagðist hann ekki þola segulbandsviðtöl og samþykkti viðtalsbeiðnina með hinum ýmsu skilmálum. Svo sem að það yrði að sjást í mig á forsíðumyndinni og viðtalið væri sett upp sem samtál okkar. Ég svaraði að þetta mætti alveg vera dálítið „klikkað“.

„Ókei, höfum þetta klikkað.“

## Það tók mig 50 ár að finna ástina

Eiríkur Jónsson fjölmiðlamaður er einn sá umdeildasti í bransanum. Tobba Marinósdóttir, ritstjóri DV, ræddi við fyrrverandi yfirmann sinn um umdeildan feril hans, eftirsjá, barnalán og ástina.

**Þorbjörg  
Marínósdóttir**  
tobba@dv.is



**E**iríkur Jónsson er læknissonur sem átti heima fyrstu árin í Danmörku þar sem hann fæddist og flutti svo til Svíþjóðar þar sem pabbi hans stundaði nám. „Fyrsta æskuminningin mín er þegar við vorum í Gullfossi á leiðinni heim frá Svíþjóð og það kom brotsjór á skipið sem skellti því á hliðina og braut rúður. Svo réttir skipið sig af. Við vorum í óskaplega fínni káetu. Þetta var eins og hótélherbergi með baðkari og öllu. Ég hendist þarna út í horn en mér fannst svo skrítið að mamma sat ennþá í baðkarinu en það var ekkert vatn eftir í því. Það var allt á gólfinu. Þetta er það fyrsta sem ég man í lífinu. Svo byrjaði lífið,“ segir Eiríkur og hlær að minningunni.

Aðspurður hvernig fátækir námsmenn með tvö börn höfðu efni á slíkri ferð segir hann pabba sinn hafa verið af aðalsættum að austan, „það voru til einhverjir peningar einhvers staðar“.

#### Talaði ekki í marga mánuði

Eiríkur á eina eldri systur og þrjár yngri. Hann var mikill mömmustrákur og varð svolítið utanveltu eftir að fjölskyldan flutti aftur til Íslands þegar hann var fimm ára. „Ég var feiminn og sat helst alltaf í fanginu á mömmu, alveg þar til ég varð átta ára. Ég vildi ekki fara í skóla. Ég vildi bara vera hjá mömmu. Ég talaði hálfþjagað eftir að hafa búið í Svíþjóð og ákvað því að segja sem minnst.

Mér leið ekki vel í skólanum en gekk vel að læra. Ég talaði einkennilega, skildi íslensku en talaði sænsku svo að ég þagnaði bara, er mér sagt. Ég sagði lítið sem ekkert í skólanum í marga mánuði en þegar ég svo loks byrjaði að tala, talaði ég óaðfínanlega íslensku og hef haft íslensku að starfi síðan. En ég tala ekki stakt orð í sænsku.“

Þegar fjölskyldan flutti heim var fyrsta heimili hennar á Rauðalæk. Síðan fluttu þau í Hvassaleiti þar sem Eiríkur tók átta ára gamall strætó klukkan sjö á morgnana í skólann. „Það var alltaf kolniðamyrkur. Ég sæi fólk í dag senda átta ára gamalt barn í strætó í myrkri. Ég fór svo ekki alltaf í skólann heldur í sjoppuna með pening sem ég stal frá mömmu. Þar keypti ég pepsí, lakkrísror og kókosbollu. Rörið notaði ég til að drekka pepsí og svo freyddi þetta allt þegar maður át kókosbolluna með.“

Eiríkur viðurkennir að hafa verið óstýrillátur og mamma hans eftirlátssöm við hann. „Pabbi reyndi að skamma mig en það gekk ekki vel. Eitt það síðasta sem hann, gamall maðurinn, sagði við systur mínar áður en hann dó, þegar þær voru að skammast út í að ég ætti að gera eitthvað, var:



Eiríkur hefur unnið á flestöllum stærri fjölmiðlum landsins, oftast en einu sinni á mörgum. Hann rekur sinn eigin fjölmiðil, eirikurjonsson.is.

MYNDIR/VALLI

„Stelpur mínar, ég er búinn að læra það fyrir löngu að það segir enginn Eiríki fyrir verkum. Ekki reyna það.““

#### Þú verður læknir

Eiríkur þrælaði sér í gegnum skólann og varð þægilegri í umgengni. Var sendur í sveit á Reyðarfjörð þar sem afi hans var kaupfélagsstjóri. „Ég var í uppáhaldi hjá ömmu og afa og var þar á sumrin og vildi helst ekki fara heim. Ég var bara að spila við ömmu í stásstofunni

og var kallaður litli prins. Ég fór nú stundum á traktorinn með Einari Þorvarðarsyni frænda en ég var ekki mikið að vinna. Það er nú líka dálítil kúnt. Að vinna lítið.

Einar frændi var nörd og kenndi mér allt um hnefaleika, myndlist og bókmenntir. Það var góður skóli. En hvað, á þetta að vera ævisaga?“ spyr Eiríkur. Ég bendi honum á að ég sé að stytta mér leið og vilji eiga þetta skrifað niður þegar hann deyr því þá verði

ég fljótari með minningar-greinina.

„Ókei,“ svarar hann, og áfram höldum við.

„Ég tók aðeins lengri tíma í að klára skólann og verða stúdent. Ég var dálítið að elta við stelpur. Ég var ekki feiminn lengur þá. Ég var farinn að rífa kjaft,“ segir Eiríkur og viðurkennir að væntingarnar til hans varðandi nám hafi verið á einn veg. Hann yrði læknir.

„Það voru bara sjö sér-

fræðingar í bænum. Það þótti voða fínt. Pabbi var gígta- og lyflæknir. Í öllum fjölskyldubodum var ég spurður: Jæja, Eiríkur litli, ætlar þú ekki að verða læknir eins og pabbi þinn? Svo kom næsti gestur og næsti og allir spurðu að því sama.

Svo komu jólin og þá var komin út bók sem hét Litli læknissonurinn. Ég fékk ekki aðrar jólagjafir frá ættingjum það árið. Átta stykki af sömu bókinni. Það var alveg búið að

ákveða að ég yrði læknir en no way! Ekki eftir þetta. Ég var lagður í einelti og það var ekki talað um annað og allir búnir að ákveða að ég yrði læknir. Ég hefði örugglega orðið finn læknir en þá kom upp mótþróinn. Þetta fór í taugarnar á mér sem lítið barn.“

#### Lét sig síga ofan í pottinn

„Nítján ára flutti ég að heiman og fékk afa til að lána mér íbúð sem hann átti niðri í bæ og bjó þar með konu sem átti barn. Alltaf í uppreisn. Mamma og pabbi voru ekki sátt en vildu ekki æsa sig við afa sem hafði lánað mér íbúðina. Þetta var þægilegt. Lág leiga. Afi vildi að ég borgaði 5000 kall á mánuði og ég vann sem aðstoðarhúsvörður í Norræna húsinu. Ég skipti um perur, sýndi bíó og flaggaði. Það var erfiðast þegar það þurfti að flagga í hálfa stöng um páska því þá þurfti að ná öllum flöggunum í beina línu.“

Þegar sambandið lognaðist út af og flöggin urðu skökk lét Eiríkur tilleiðast og skráði sig í Háskólann. Eiríkur er frægur fyrir að fara eigin leiðir svo læknisnám kom aldrei til greina. Hann skráði sig í heimspekinám og vermdi þar bekkinn með ýmsum lit-skrúðugum persónum eins og til dæmis Hannesi Hólmsteini.

Heimspeki hefur gjarnan verið kölluð fagið sem fólk lærir ef það veit ekki hvað það vill læra. „Já. Þess vegna fór ég í heimspeki. Það voru þarna sex eða sjö strákar með mér í námi sem í dag eru allir prófessorar. Svo voru þarna einhverjar konur. Það var mikil bylting hjá þeim. Konur voru að skilja við mennina sína og skrá sig í nám. Uppreisn í eldhúsunum.“

Ekki fyrir löngu fór ég í sund og sá þar gamla konu með göngugrind klöngrast ofan í pottinn. Hún heilsar mér en ég kannast ekkert við hana. Þá kom í ljós að þetta var gömul kærasta úr heim-spekinni. Hvað, ertu eitthvað lasin? spyr ég. Nei, ég er bara svo gömul, svaraði hún. Ég mundi að hún hafði verið eitthvað eldri en ég, en ekki svona gömul. Ég bara lét hausinn á mér sökkva dálítið ofan í pottinn.“

#### Þetta var „show“

Þegar námi lauk og ekki var meiri heimspeki að fá í Reykjavík flutti Eiríkur til Frakklands. „Þetta var landflótti. Ég gat aldrei lært frönsku, svo það var dæmt, en mig langaði að komast frá Reykjavík. Búa í stórborg og sjá alvöru líf. Upplifa franska rómantik.“

Þetta gekk ekki nógu vel svo ég kom heim og bankaði upp á hjá gamalli kærustu á Baldursgötu með litlu ferðatöskuna mína. Ég var heppinn að hún var heima. Ég gat ekki sagt foreldrum mínum að þetta hefði ekki gengið. Ég skammaðist mín fyrir að þetta gekk ekki upp í Frakklandi. Ég var búinn að vera mánuði



Eiríkur var með daglegan þátt á Stöð 2 sem skapaði honum frægð og frama. Svartur bakgrunnur þáttanna og smart klæðnaður voru hans einkennismerki.

„Ég var lagður í einelti og það var ekki talað um annað og allir búnir að ákveða að ég yrði læknir.“

hjá henni þegar mamma og pabbi vissu að ég væri kominn til landsins.“

Eiríkur á hér við Helgu Mogensen, athafnakonu og barnsmóður sína, en saman eignuðust þau dótturina Hönnu Eiríkisdóttur.

„Við bjuggum saman í fimm ár. Bæði þarna og í Kaupmannahöfn. Ég fékk inni sem gestastúdent í fjölmiðlafræði og við fengum inni á stúdenta-görðunum í miðbænum. Þarna var ég kominn heim. Við ætluðum að vera í sex mánuði en vorum í þrjú ár. Þá fékk

ég tækifæri lífs mín. Ég var ekki búinn að vera lengi þegar Helgi Pétursson hringir og býður mér að vera fréttaritari þarna úti. Það var ekkert net eða Reuters. Engar fréttir frá Norðurlöndunum.

Þarna fór ég að brillera í hverjum fréttatíma. „Eiríkur Jónsson talar frá Kaupmannahöfn.“ Ég hef aldrei haft betri laun, 500 danskar fyrir hvern pistil og þetta var mjög vinsælt. Léttari fréttir, þetta var alveg nýr tónn í íslenskum fréttum. Þetta var „show“, eins og ég hef alltaf gert.“

Þegar Eiríkur fór heim var sett upp fréttaskrifstofa frá RÚV í Kaupmannahöfn þar sem menn eins og Bogi Ágústsson og Friðrik Páll Jónsson unnu ár í senn sem fréttaritara.

#### DV og Séð og heyrð

„Þetta var orðið gott og foreldrar mínir vildu fá Hönnu heim. Ég hringdi kollekt af einhverri knæpunni í Jónas Kristjánsson á DV og spurði hvort ég gæti fengið vinnu ef ég kæmi heim. „Já, já, komdu bara.“ Það var mikill gangur

í DV og fólk keypti blöð. Eigendurnir urðu ríkir og smáauglýsingar mokseldust.“

Þegar einokun ríkisútvarpsins var rofin með lögum og frjálst útvarp leyft réð Eiríkur sig sem fréttastjóra á Stjórnunni sem var stofnuð um svipað leyti og Bylgjan. Þar hafði hann stjórn- og furðufréttir í hávegi. Sá kafli varði í rúm tvö ár en þá missti Eiríkur vinnuna og skrifaði tvær bækur á milli starfa. Ævisögu Davíðs Oddssonar og aðra um rússneska vinnukonu sem lenti í Fljótshlíð og lýsti þeirri vist sem verri en fanga-búðunum í Rússlandi.

#### Var þetta góð bók?

„Farðu á bókasafn. Já, þetta var góð bók. Hún seldist vel. Fólk í Fljótshlíð reyndi að fá lögmann á bókina á Þorláksmessu og hún seldist og seldist.“

*En Davíð. Var hann til í ævisögunum?*

„Já, en svo ekki. Það er lengri saga svo þú verður að lesa hana annars staðar en það er allt í finu á milli okkar núna. Þegar hann hætti við var ég búinn að eyða fyrirframgreiðslunni og sagði bara no way. Ég verð að skrifa þessa bók.“

Eftir bókaskrifin bauðst Eiríki vinna á Bylgjunni í morgunútvarpinu og í kjölfarið fékk hann þá hugmynd að þátturinn hans ætti best heima í sjónvarpi. „Ég var að taka viðtal við Davíð Oddsson og hann horfði alltaf út í loftið. Svo ég sagði við hann: Davíð, segðu mér nú eitt í einlægni og horfðu í augun á mér, og þá áttaði ég mig á því að ég var með myndavélamóment í útvarpi.“

Þátturinn Eiríkur var því settur í loftið. Rétt rúmlega 10 mínútna langur, alla virka daga í fimm ár. Þúsund þættir. Á þessum tíma var Eiríkur giftur og búinn að eignast tvö börn í viðbót, Lovísu og Baldur, með þáverandi konu sinni.

Öll börn Eiríks hafa starfað um tíma sem blaðamenn við góðan orðstír. „Ég er mjög stoltur af börnunum mínum. Hanna lærði blaðamennsku í Bandaríkjunum og síðar mannréttindi í Englandi. Lovísa er í doktorsnámi í Svíþjóð og Baldur er í doktorsnámi í kínverskri heimspeki í Sjanghæ.“

Aðspurður hvort hann hafi verið góður pabbi svarar hann: „Já, á minn hátt. Ég hafði þau mikið með mér og þau voru hænd að mér. Hanna var alltaf með mér í Kaupmannahöfn. Við þvældumst saman á kaffihúsum og átum ís.“

#### „Ég hefði ekki átt að gera það“

Lífið var þó alls ekki alltaf dans á rósum og Eiríkur fékk sína skelli þó að hann hefði ekki hátt um þá. „Einn daginn missti ég vinnuna, við eiginkonan skildum og ég var tekinn fyrir ölvun við akstur. Allt sama daginn. Það var of mikið.“

Eftir skilnaðinn fór Eiríkur



Garða- og  
tómstundakerrur  
frá:  
**155.900 kr.**

# BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnað að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur  
frá:  
**1.359.900 kr.**

Íðnaðarkerrur  
frá:  
**319.900 kr.**



**Bílanaust**  
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN  
DVERGSHÖFÐA 2  
110 Reykjavík  
S. 535 9000

Vatnagörðum 12  
104 Reykjavík  
S. 535 9000

Dalshrauni 17  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargötu 52  
260 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

[www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)



Aðspurður hvað sé það klikkaðasta sem hann hafi gert til að ná í frétt þarf hann að hugsa sig vel um. Það er af nægu að taka.

„Ætli það klikkaðasta sem ég hef gert sé ekki þegar við Gunnar Andrússon ljósmyndari vorum sendir til Eyja til að ná allri sögunni hjá Guðlaugi sundkappa sem synti í land þegar báturinn sem hann var á fórst. Við vorum þarna í viku en náðum aldrei til hans. Hann var alltaf á spítala og það endaði svo að ég skreið inn um glugga á spítalanum, fann slopp og ætlaði að þykjast vera á stofugangi. Bar mig helvíti vel með hlustunarpípu og allt en svo var ég spurður fyrir utan dyrnar hver ég væri. Þá sagði ég bara sorri og lét mig hverfa.“

#### Tók 50 ár að finna ástina

Eiríkur segist ekki geta snúið aftur á vinnustað með fullt af fólki eftir að hann fór að vinna sjálfur heima við skrif á eirikurjonson.is. „Það er ofboðslegur léttir að þurfa ekki að vakna á morgnana og fara á einhvern vinnustað og eyða þar öllum deginum, dag eftir dag, ár eftir ár með einhverju fólki sem maður velur sér ekki sjálfur. Hverslags vitleysa er það.“

Ég þurfti að gera þetta þegar ég var með lítil börn og var að kaupa íbúð en ég þarf þess ekki lengur. Það hvarflar ekki að mér. Vera alltaf í einhverju partýi sem þig langar ekkert í. Sem þér líður óþægilega í. Sumir vilja þetta öruggi, vera alltaf með sama fólkinu. Alltaf að hanga með sama fólkinu. Fara og hanga með fólki í sumarbústað eins og geðsjúklingar.“

**Myndir þú ekki fara með vinahjónum þínum í bústað og borða steik?**

„Nei, helst ekki. Ég fer oft með konunni minni í sumarbústað. Hún er besti vinur minn. Það tók mig 50 ár að finna ástina. Þetta er alveg satt. Hún skilur mig og ég hana og við leyfum hvort öðru að vera eins og við erum. Hún hefur gefið börnunum mínum mikla ást og fjölskyldan mín stækkaði með hennar börnum.“

**En Eiríkur, þú ert erfiður. Er hún aldrei þreytt á þér?**

„Jú, það getur vel verið, en ég get nú verið frískur og skemmtilegur inn á milli. Hún er sérstök manneskja. Þetta kemur ekki í fyrstu atrennu. Það er ekki hægt að styttu sér leið að ástinni.“

Þegar Eiríkur kynntist eigin konu sinni sem hann hefur verið með síðustu 15 ár varaði fólk Petrínu, eða Petu eins og hún er kölluð, ítrekað við honum. Ekki aðeins hana heldur foreldra hennar líka. „Þau voru stoppuð í Hagkaup og fólk kallaði „warning, warning“. Vinkonur Petu reyndu að vara hana við. En hún lét sér ekki segjast. Sem betur fer,“ segir Eiríkur sem á sér svo sannarlega enga hliðstæðu, 67 ára gamall og ástfanginn upp fyrir haus. ■

Ég er búinn að vera svo lengi að þessu að auðvitað hef ég stigið á einhverjar tær.

að vinna á DV og loks Séð og heyrð sem þegar á leið gerði hann enn umdeildari. Hann segir þó að DV hafi bakað sér meiri umtal með hörkulegri málum en Séð og heyrð sem hann kallar Gotteríssjöppu.

**Af hverju ertu svona umdeildur? Það er hreinlega til fólk sem er illa við þig?**

„Ég veit það ekki. Það er fólk sem þekkir mig ekki. Ég triggera eitthvað hjá fólki. Með einhverjum stíl eða eitthvað. Ég hef aldrei gert fólki mein. Þetta er fólk sem talar um aðra sem það þekkir ekki.“

**Eiríkur, það er ekki rétt. Þú hefur gengið of nærri fólki. Þú veist það.**

„Í fréttaskrifum? Já, ef fólk hefur brotið bókhaldslög og missir húsið sitt, þá er það frétt. Þú átt ekkert að gera það. Fréttir eru yfirleitt um það sem úrskæiðis fer. No news are good news. Annars væri ekkert að gerast. En jú, auðvitað ég er búinn að vera svo lengi að þessu að auðvitað hef ég stigið á einhverjar tær hér og þar. Það er bara eins og í lífinu.“

**Er eitthvað sem þú sérð eftir? Sem var of mikið í skrifum þínum?**

„Já, það er bara eins og í lífinu. Ég hefði ekki átt að setja Hilmi Snæ á forsíðu Séð og heyrð og skrifa „barnar konu í hestúsinu“. Ég hefði ekki átt að gera það. Það bara borgaði sig ekki, ég þurfti ekki að gera það. Þetta var kunningi minn, skilurðu, og ég hefði bara átt að gera eitthvað annað. Sleppa þessu. Ég bara sá þetta í því ljósi að hann var helsti kvennaljómi landsins í um áratug. Þetta hefði ekki verið þessi frétt ef þetta hefði verið Bessi Bjarnason eða Randver. Þetta var Hilmi Snæ. En við erum búnir að gera þetta upp og ég bað hann afsökunar. Þetta var kannski bara gott fyrir hann. Hann er ennþá með konunni sinni. Kannski hristi þetta þau saman.“

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

# SPIRULINA PERFORMANCE BLUE

LÍFRÆNT  
FJÖLVÍTAMÍN  
NÁTTÚRUNNAR



POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

## LÍFRÆN NÆRING ORKA OG EINBEITING ALLAN DAGINN

Gott við streitukvíða,  
miklu álagi og truflar  
ekki svefn.



### KAUPAUKI Ultra Immunity Relief

Grasajurtir sem styrkja:  
1. Ennis- og kinnholur. 2. Háls.  
3. Lungu og brjósthol.

Vel þekktar grasajurtir sem  
hafa samverkandi virkni til  
styrkingar.

Öflug blanda þekkra  
grasajurta þegar þörf  
er á skjótum stuðningi.  
Styrkjandi fyrir líkamann  
við álag.



#### Finn ekki lengur streitu eða kvíða sem plagaði mig.

"Hafði glímt við kvíða og vanlíðan, leitaði aðstoðar og í þetta sinn byrjaði ég jafnframt á Spirulina Performance BLUE, með því öðlaðist ég eins og annað líf, varð glaðari og miklu orkumeiri. Fór að geta skipulagt mig og áhugamálið mitt sem er ljósmyndun. Finn ekki lengur streitu eða kvíða sem plagaði mig."

**Hreinn Gottskálksson, verktaki.**



#### Get einbeitt mér allan daginn.

"Þegar ég vann að doktorsritgerðinni minni þurfti ég að einbeita mér í 12-14 tíma en með Spirulina BLUE hvarf allur einbeitingarskortur síðdegis og þar með jukust afköstin og úthaldið. Þrátt fyrir aukna orku kom það ekki niður á svefni og hvíld, þvert á móti minni streita og betri hvíld. Síðan þá nota ég Lifestream Spirulina Performance BLUE daglega."

**Snjólaug Ólafsdóttir, doktor í umhverfisverkfræði.**



# Það er nóg til og meira frammi

**Fæðuöryggi skiptir okkur öll máli.**











































Íslenskir bændur og fyrirtæki í landbúnaði munu hér eftir sem hingað til tryggja framleiðslu á úrvalsmatvælum fyrir land og þjóð. Við sjáum til þess að það sé nóg til af innlendum mat í verslunum landsins.

**Takk fyrir að  
velja íslenskt!**









# GUÐMUNDUR ÆTLAR FRAM GEGN GUÐNA: „LANDIÐ ER STJÓRNLAUST“

Guðmundur mun tilkynna um framboð sitt í dag þar sem hann mun einnig kynna efnahagsaðgerðir sínar sem eiga að vega á móti áhrifum kórónuveirufaraldursins.

Trausti Salvar Kristjánsson  
traustisalvar@eyjan.is

Guðmundur Franklín Jónsson, hótélstjóri og fyrrverandi formaður Hægri grænna, hyggst tilkynna um forsetaframboð sitt á Facebook klukkan 11 í dag. Hefur þá verið tilkynnt um tvö framboð gegn sitjandi forseta, en Axel Pétur Axelsson, sjálf-titlaður þjóðfélagsverkfræðingur og annálaður samsæriskenningsáhugamaður, reið á vaðið þann 9. apríl.

Guðni Th. Jóhannesson forseti sagði í nýársávarpi sínu að hann hygðist gefa kost á sér til endurkjörs og náði öll framboðin að skila inn nægjanlegum fjölda undirskrifta fær þjóðin minnst þrjá valkosti þann 27. júní.

## Guðni ekki nógu góður

Guðmundur bauð sig einnig fram árið 2016, en dró framboðið til baka þegar Ólafur Ragnar Grímsson hætti við að hætta, áður en hann síðan ákvað endanlega að hætta við. Aðspurður um ástæðu framboðsins nú segir Guðmundur Franklín að Guðni hafi einfaldlega ekki staðið sig nægjanlega vel.

„Landið er stjórnlaust finnst mér eiginlega. Það verður að vera einhver öryggisventill þarna í þessu embætti, til þess einmitt að geta hlustað á þjóðina svo öll mál renni ekki bara í gegn, þvert á þjóðarvilja. Forsetinn á ekki að vera stimpilpúði Alþingis,“ segir Guðmundur og vísar í þriðja orkupakkann og þær þúsundir undirskrifta sem söfnuðust með áskorun um að Guðni synjaði lögunum staðfestingar. Þá telur Guðmundur einnig upp uppreist æru-málið og Landsréttarmálið sem dæmi um að Guðni sé ekki að standa sig.

„Hann bara skrifar undir það sem honum er rétt, en menn verða að hafa sjálfstæða hugsun,“ segir Guðmundur og telur Guðna skorta kjark og þor til að nýta málskotsrétt sinn í svo veigamiklum málum.

Guðni naut stuðnings 80 prósentu aðspurðra í könnun Maskínu í janúar og hefur hann mælst með mikinn stuðning í embættistíð sinni. Guðmundur hins vegar neitar því að Guðni njóti fádæma vinsælda og vísar í óvísindalegar kannanir, til dæmis á



Bylgjunni, þar sem 47 prósent sögðust vilja fá annan forseta. „Ekkert endilega mig, bara einhvern annan, og við eigum eftir að sjá slíkar tölur þegar nær dregur og fleiri framboðendur stíga fram,“ segir hann.

## Landvættirnir til bjargar Íslandi

Guðmundur Franklín hyggst boða lausnir við þeim efnahagsvanda sem Covid-19 faraldurinn hefur skapað í dag. Hann leyfði Eyjunni að fá forsmekkin af hugmyndunum, sem miða til dæmis að útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa með 3,5 prósentu vöxtum.

Þá vill hann búa betur að náttúruþerlum Íslands og nýta tímann til að laga stíga og allt það sem hefur látið á sjá eftir áralanga umgengni ferðamanna. Til verksins vill hann virkja námsmenn og eldri borgara, sem um leið myndi minnka atvinnuleysi. Nefnir hann þennan hóp Landvættina.

Þá vill hann lækka raforkuverð til heimila, bænda og iðn-

„Hann bara skrifar undir það sem honum er rétt, en menn verða að hafa sjálfstæða hugsun.“

aðar, afnema verðtryggingu og leggja niður fasteignagjöld í tvö ár og hækka skattleysismörk í 300 þúsund krónur, svo fátt eitt sé nefnt.

## Margir nefndir til sögunnar

Eyjan hafði samband við alla þá framboðendur sem buðu sig fram árið 2016. Enginn

þeirra hyggst ætla fram þetta árið, en ekki fengust svör frá Höllu Tómasdóttur. Ekki skal þó hrapað að ályktunum, teljast verður ólíklegt að Halla fari fram sökum forstjóra-starfa hennar í New York. Eyjan hefur fengið ýmsar ábendingar um aðra mögulega framboðendur, eins og Þóru

Baráttan um Bessastaði er hafin. Guðmundur Franklín segir Guðna vera stimpilpúða Alþingis. MYND/GVA

Arnórsdóttur fjölmiðlakonu og fyrrverandi forsetaframboðanda, Eirík Bergmann Einarsson stjórnmálafræðing, Ólínu Þorvarðardóttur þjóðfræðing og fyrrverandi þingmann. Þau sögðust öll koma af fjöllum þegar haft var samband og ekki hafa framboð í hyggju.

## Erfið brekka fram undan

Sitjandi forseta hefur aldrei verið velt úr sessi hér á landi og er það staðreynd sem margir hafa hugfasta í aðdraganda forsetakosninga. Það kom bersýnilegast í ljós þegar Ólafur Ragnar eyddi út nokkrum framboðum og skóp önnur með ákvörðunum sínum um að ýmist bjóða sig ekki fram, hætta við að hætta og síðan hætta við aftur árið 2016. Lék hann svipaðan leik árið 2012.

Þá fylgir forsetakosningum mikill kostnaður, bæði fyrir framboðendur og skattgreiðendur. Hafa hin svokölluðu jaðarframboð, þar sem framboðandinn telst eiga litla möguleika á kosningu en vill nýta vettvanginn til að koma pólitískum skilaboðum á framfæri, oft verið gagnrýnd fyrir einmitt það, meðan aðrir líta á þau sem fullnýtingu á lýðræðinu.

Kostnaður við forsetakosningarnar árið 2016 var um 300 milljónir króna fyrir ríkissjóð. Þá er ótalin kostnaðurinn við framboðin sjálf, sem er afar mismunandi. Til dæmis kostaði framboð Guðna um 25 milljónir króna. Framboð Davíðs Oddssonar kostaði tæpar 28 milljónir, framboð Andra Snæs Magnasonar kostaði um 15 milljónir en hjá Höllu Tómasdóttur nam kostnaðurinn um 9 milljónum, en þau fjögur fengu flest atkvæði árið 2016.

Framboðendum gefst í fyrsta skipti kostur á raf-rænni skráningu meðmælenda þetta árið ef frumvarpsdrög dómsmálaráðuneytisins ganga eftir. Þó má einnig safna undirskriftum með gamla laginu, en lágmarkið er 1.500 manns og hámarkið 3.000. Hefur fjöldinn haldist óbreyttur frá árinu 1952, en ætti að vera um 4-5.000 manns ef hlutfallið hefði haldist í hendur við fólksfjölgun frá þeim tíma.

Frestur til framboðs rennur út laugardaginn 23. maí, fimm vikum fyrir kjördag. ■

# ÞEGAR „TÍMABUNDNAR RÁÐSTAFANIR“ VERÐA VIÐVARANDI

Stjórnlyndir ráðamenn sæta nú lagi í skjóli farsóttarinnar og herða tökin.

## Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón Bragason



Víða um heim hafa stjórnvöld gripið til neyðaráðstafana vegna farsóttarinnar þar sem ýmis borgaraleg réttindi eru skert verulega meðan hættuástand varir. Slíkt getur reynst nauðsynlegt um tíma til að hefta útbreiðslu hennar. Um leið hefur gjarnan þurft að víkja frá venjubundnum lýðræðislegum aðferðum svo hægt sé að grípa til skjótra aðgerða. Því ástandi sem nú er uppi má að nokkru leyti líkja við stríðstíma.

Sænski Ríkisdagurinn samþykkti til að mynda fyrir fáeinum dögum lög sem heimila ríkisstjórn að grípa til harðra aðgerða til að hægja á útbreiðslu farsóttarinnar án þess að bera þær fyrst undir Ríkisdaginn. Talsverð umræða varð um málið í Svíþjóð og meðal annars bent á mikilvægi þess að lög in yrðu ekki lengur í gildi en nauðsyn krefði. Þá höfðu ýmsir orðið til að gagnrýna að fyrirhugaðar sóttvarnaráðstafanir brytu gegn almennum mannréttindum, svo sem ferðafrelsi.

### Hinir stjórnlyndu herða tökin

Í rótgrónu lýðræðisríki eins og Svíþjóð eru stjórnvaldamenn meðvitaðir um þær hættur sem lýðræðinu eru búnar við neyðarástæður eins og þær sem nú eru uppi. Nokkru sunnar í álfunni, í Ungverjalandi, hefur Viktor Orban forsætisráðherra nýtt sér ástandið og fengið samþykkt frumvarp á þinginu í Búdapest sem stóreykur völd hans ótímabundið – en þó í nafni sóttvarna.

Orban er ekki einn um að notfæra sér ástandið. Stjórnlyndir ráðamenn um allan heim sæta nú lagi og hrifsa til sín völd. Á hættustundu sem nú er mikilvægt sem aldr-



Rannsókn máls sem kennt var var við Aserta var blásin upp í fjölmiðlum í janúar 2010. Þar höfðu embættismenn beinlínis uppi fullyrðingar um sekt sakborninga sem síðar voru allir sýknaðir. MYND/PJETUR

ei fyrr að frjálslyndir menn standi vörð um réttarríkið og opið þjóðfélag, þegar stjórnlynd öfl sjá sér leik á borði og skerða frelsi borgaranna varanlega.

### Ofsafengin viðbrögð

Þegar stóráföll dynja yfir er jafnan hætta á að viðbrögð stjórnvalda verði ofsafengin. Í kjölfar árásar hermdarverkamanna á tvíburturnana í New York 11. september 2001 voru sett svokölluð ættjarðarlög (e. Patriot Act) í Bandaríkjunum þar sem ýmis borgaraleg réttindi voru skert í þágu almannahagsmuna.

Margir urðu til að gagnrýna aðgerðir stjórnvalda í Washington í kjölfar árásanna, þeirra á meðal Alan Dershowitz, einn kunnasti lögmáður vestanhafs og kennari við lagadeild Harvard-háskóla. Að hans mati fóru stjórnvöld í Washington offari í eftirliti með borgurunum og vógu gróflega að persónufrelsi. Þetta væri sérlega hættulegt á okkar tímum þegar hlera mætti samskipti borgaranna með hátækni sem höfundar stjórnskrárákvæða um persónufrelsi hefðu aldrei getað ímyndað sér.

### Einstaklingshyggja og heildarhyggja

Þegar borgaraleg réttindi eru skert skortir sjaldnast göfugan ásetning. Nóbelsverðlaunahafinn Friedrich Hayek orðaði það svo að leiðin til ánaúðar væri vörðuð fögrum fyrirheitum. Frá því í fornöld hefðu togast á sjónarmið frjálslyndis og stjórnlyndis. Frá sjónarhóli



Í kjölfar árásanna á tvíburturnana í New York 11. september 2001 voru ýmis borgaraleg réttindi skert í nafni almannahagsmuna.

Þegar borgaraleg réttindi eru skert skortir sjaldnast göfugan ásetning.

hins frjálslynda ætti sérhver borgari að ráða sínum málum sjálfur, enda engin markmið æðri markmiðum hvers einstaks borgara. Sá stjórnlyndi liti á hinn bóginn á borgarana sem frumur í þjóðarlíkam-

anum. Markmið heildarinnar væru æðri markmiðum einstaklinganna.

### Meingölluð lög

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af efnahagslegum

kollsteypum. Fall viðskiptabankanna árið 2008 átti sér varla hliðstæðu enda nam ársvelta bankanna margfaldri landsframleiðslu. Samhliða varð gengishrun. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra lagði fram frumvarp til laga um gjaldeyrishöft 27. nóvember 2008, en samkvæmt því yrði Seðlabankanum heimilt að koma á gjaldeyrishöftum í allt að tvö ár, eða fram í nóvember 2010. Þetta voru „fordæmalausir tímar“ eins og það var orðað og frumvarpið fékk litla efnislega umfjöllun á Alþingi. Það rann í gegnum þingið á methraða. Þessi lög urðu grundvöllur gjaldeyrishafta næstu árin en á þeim þeim voru alvarlegir gallar.

### „Tímabundnar ráðstafanir“

Á fundum með þingnefnd höfðu fulltrúar Seðlabankans og Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins haldið því fram að þetta væru bara „tímabundnar ráðstafanir“. Fljótt yrði aftur hægt að slaka á höftunum og þau afnumin innan tveggja ára. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands leiddi síðar að því rök að gjaldeyrishöftin hefðu verið orðin óþörf þegar um sumarið 2009. Svo fór að höftin voru við lýði fram til vorsins 2017.

Seðlabankinn fór á þeim tíma offari við beitingu laga og reglna um gjaldeyrishöft. Meðal annars var hafin rannsókn á fjórmeningum sem stundað höfðu viðskipti með íslenskar krónur í félagi sínu í Svíþjóð sem nefndist Aserta. Þeir sátu að ósekju á sakamannabekk í meira en sex ár en voru á endanum sýknaðir.

Við blasir að rannsókn málsins hófst í fljótfærni og var blásin upp í fjölmiðlum á viðkvæmum tíma í þjóðlífinu. Sá skaði sem Asertamenn urðu fyrir verður aldrei metinn til fjár. En þetta er því miður ekki einsdæmi því Seðlabankinn gekk langt út fyrir eðlileg mörk í fjölda mála er vörðuðu meint brot á gjaldeyrislögum. Þær ráðstafanir sem vera áttu tímabundnar vegna skyndilegs hættuástands voru viðhafðar miklu lengur en nokkur þörf var á með ómældu tjóni. Flestir þeir sem á tyllidögum litu á sig sem varðmenn réttarríkisins voru víðsfjarri.

Gjaldeyrishöftin eru víti til varnaðar. Nú skiptir miklu að standa vörð um opið og lýðræðislegt samfélag, ganga ekki lengra í skerðingu réttinda borgaranna en nauðsyn krefur og aflétta hvers kyns höftum undireins þegar þeirra er ekki lengur þörf. ■

# HVAR ERU ÞAU Í DAG?

Þingmenn koma, þingmenn fara. En hvað tekur við þegar fólk lætur af störfum á hinu háa Alþingi? DV kannaði stöðuna á nokkrum fyrrverandi þingmönnum þjóðarinnar til að fá svör við spurningunni: Er líf eftir Alþingi?

## HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Hanna Birna sat á þingi 2013-2016 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hún var innanríkisráðherra á árunum 2013-2014 en hætti í kjölfar lekamálsins svokallaða þar sem hún sætti harðri gagnrýni eftir að aðstoðarmaður hennar lak trúnaðarupplýsingum um nígíríska hælisleitanda í fjölmiðla.

Hanna Birna tók við stöðu sem ráðgjafi hjá UN Women í New York í febrúar í fyrra. Þar á undan hafði hún verið framkvæmdastjóri Women Political Leaders. Rétt áður en hún hætti á þingi tók hún að sér stöðu formanns Women in Parliament Global Forum svo mál-efni kvenna hafa verið henni afar hugleikin undanfarin ár.



Vinnur að málefnum kvenna.

MYND/ERNIR

## ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON



Kvaddi Alþingi.

MYND/EYÞÓR ÁRNASON

Þorsteinn sagði á Alþingi á árunum 2016-2020 fyrir Viðreisn. Hann var um stund félags- og jafnréttismálaráðherra.

Þorsteinn sagði af sér þingmennsku á dögunum og hefur verið ráðinn sem forstjóri eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf. sem á og rekur félögin BM Vallá, Björgun og Sementsverksmiðjuna.

## ELÍN HIRST

Elín sat á þingi 2013-2016 fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Undanfarin ár hefur Elín rekið sitt eigið fyrirtæki, Elín Hirt Productions/Hugveita sem sérhæfir sig í margs konar verkefnum sem snúa að miðlum og dagskrárgerð. Skömmu eftir að hún lét af þingstörfum hóf Elín störf við gerð þáttaradarinnar Hvað höfum við gert? sem fjallað um þær áskoranir sem mannfólkið stendur frammi fyrir í loftslags-



málum. Þættirnir voru sýndir á RÚV í fyrra og vöktu mikla athygli.

Hún hefur þó augun opin fyrir starfstækifærum. Árið 2017 sótti Elín um starf upplýsingafulltrúa Umhverfisstofnunar, en það var Björn Þorláksson, sjálfstætt starfandi fjölmiðlaráðgjafi, sem var að endingu ráðinn.

Árið 2019 sótti Elín um stöðu útvarpsstjóra, en starfar að eigin verkefnum í dag. Elín er hæfileikarík og heillandi situr án efa ekki auðum höndum lengi.



Flúði land eftir setu á Alþingi.

MYND/WILHELM

## LILJA MÓSESDÓTTIR

Lilja sat á þingi fyrir Vinstri græn og utan flokks á árunum 2009-2013.

Eftirminnilegt er þegar Lilja sagði sig úr Vinstri grænum árið 2011. Lilja hafði ítrekað verið vænd um samstarfsörðugleika og sá ekki samleið með sér og flokknum lengur.

Í bókinni „Hreyfing rauð og græn“ eftir Pétur Hrafn Árnason sagnfræðing, um sögu Vinstri grænna, greinir Lilja frá því að hún hafi orðið fyrir persónuárásam innan þingflokksins og að hún hafi þurft að flýja land eftir þingsetuna til að eiga einhverja möguleika á að verða metin að verðleikum.

Hún býr nú í Noregi þar sem hún starfar sem ráðgjafi hjá Samfunnsviterne, sem er félag sérfræðinga í félagsvísindum, og einnig sem prófessor við háskólann í Østfold.

## ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Álfheiður sat á þingi 2007-2013 fyrir Vinstri græn. Hún var heilbrigðisráðherra 2009-2010.

Athygli vakti þegar Álfheiður, kjörin fulltrúi á Alþingi, lét til sín taka í búsáaldabyltingunni í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Studdi hún mótmælendur fyrir utan Alþingis-



húsið og mætti meira að segja til að mótmæla sjálf fyrir utan lögreglustöðina eftir að einn mótmælendinn var handtekinn.

Hún hóf störf árið 2015 hjá Náttúruvísindasafni Íslands og starfar þar enn og ritstýrir Náttúrufræðingnum. Hún var varabingmaður Vinstri grænna þar til í september 2019.

## ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Össur sat á þingi á árunum 1991-2016 fyrir Samfylkinguna. Hann gegndi eftirfarandi ráðherrastöðum: umhverfisráðherra, iðnaðarráðherra, samstarfsráðherra Norðurlanda og utanríkisráðherra.

Össur flutti ræðu á Alþingi árið 1995 sem var Árna Johnsen ekki að skapi. Össur sagði í ræðu sinni að hann teldi sig heyra Árna hrísta höfuðið yfir því sem fram fór. Þetta fór illa í Árna sem elti Össur út úr þingsal, greip í eyra hans og heimtaði að tala við hann. Þegar Össur ætlaði að ganga í burtu bætti Árni svo um betur og sparkaði hressilega í rassinn á Össuri svo hann féll niður stiga og hlaut minniháttar áverka. Össur ákvað hins vegar að bregðast ekki við uppátækinu og sagði að hann „vildi ekki elta ólar við mann með greindarvísitölu á við íslenska sauðkind“.

Árið 2017 stofnaði hann byggingafélagið Deshús byggingafélag ehf.



Kominn í fyrirtækjarekstur.

MYND/GVA

## SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

Siv sat á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn á árunum 1995-2013. Hún var umhverfisráðherra 1999-2004 og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra 2006-2007.

Siv vakti nokkra athygli þegar hún tók sæti á þingi. Hún var menntaður sjúkraliði og áhugakona um mótorhjól og töldu margir það víst að þarna væri komin á þing kona með bein í nefinu.

Árið 2014 var Siv fengin til starfa sem ráðgjafi fyrir félags- og húsnæðismálaráðuneytið og um vorið 2016 var hún ráðin sem sérfræðingur á skrifstofu félagsþjónustu í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu. Hún er einnig formaður Velferðarvaktarinnar, sem fylgist með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu.

Hún hefur lengi haft mikinn áhuga á útveru svo það kemur kannski ekki á óvart að hún er einnig skráður leiðsögumaður.



Siv vinnur enn á stjórnslustigi.

## ÚR PÓLITÍK Í POTTAMOLD



Hætti í fangelsinu og nýtur nú lífsins.

MYND/GVA

### MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR

Margrét sat á þingi frá 1987 til 2007 fyrir Samfylkinguna.

Árið 2009 tók hún við sem forstöðumaður Fangelsisins á Litla-Hrauni og gegndi hún starfinu til ársins 2015. Í dag er hún titluð hús-móðir í símaskránni. DV ákvað að slá á þráðinn til Margrétar og taka stöðuna á henni.

„Ég bý bara hér í Kópavoginum og vinn af og til á garðyrkjustöðinni Stoð á Dalvegi. Ég er bara að gera það sem mér finnst skemmtilegast í lífinu. Mér finnst svona fyrrverandi titlar ótrúlega leiðinleg fyrirbæri því maður er alltaf það sem maður er að hverju sinni. Ef maður er að gera það vel þá á maður að sinna því en ekki vera með eitt-hvert fyrrverandi titlatog. Manni

“Ég er bara að njóta lífsins.”

líður best með það sem maður er að gera hverju sinni og er að sinna því og það þjónar engum tilgangi að tína upp allt það sem maður er búinn að gera á langri ævi. Ég er bara að njóta lífsins.”

Margrét var sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu árið 2019.



Vigdís elskar blómin.

MYND/VILHELM

### VIÐÍS HAUKSDÓTTIR

Vigdís sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn 2009-2016. Vigdís var umtöluð fyrir framgöngu sína á Alþingi þar sem hún veigraði sér ekki við að viðra umdeildar skoðanir. Það vita flestir hvað Vigdís er að gera í dag, en hún hefur verið áberandi sem borgarfulltrúi Miðflokksins. En þó hefur sést til hennar endrum og eins í störfum í blómabúð. DV sló á þráðinn til Vigdísar til að fá þessi mál á hreint.

„Starf borgarfulltrúa er skilgreint sem fullt starf hjá Reykjavíkurborg, en það koma dagar þar sem eru engir fundir, ég er svo aktív og kraftmikil og dugleg að ég þarf alltaf að vera í aksjón.

Svo á ég mínar frístundir. Ég er fyrsti Íslandsmeistarinn í blómskreytingum og hef afskaplega gaman af því að vera innan um blómin og fæ mikla vorvefju núna þegar laukarnir fara að koma upp úr moldinni og það er yndislegt að fara í göngutúra á þessum árstíma. Svo ég tek eina og eina vakt í blómabúðinni á Hagamel og það er afskaplega gaman, bæði að hitta kjósendur á gólfinu og svo að vera í kringum blómin og láta listsköpunina njóta sín í litavali og fjölbreytileika starfsins sem blómabúðir bjóða upp á, því það snertir allt frá vöggu til grafar og allt þar á milli.”



Hennar tími kom að lokum.

MYND/DAGBLAÐIÐ VÍSIR

### JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna sat á þingi í rúmlega þrjá áratugi, frá 1978-2013, fyrir Alþýðuflokkinn, Þjóðvaka og Samfylkinguna. Árin 1994-1995 sat hún á þingi utan flokka. Hún var í tvisgang félagsmálaráðherra og síðan forsætisráðherra í kjölfar efnahags-hrundsins 2009-2013 og skrifaði sig þar með í sögubækurnar sem fyrsta opinberlega samkynhneigða konan sem gegnir hlutverki þjóðarleiðtoga.

Líklega þekktasta stundin á stjórnmálaferli Jóhönnu var þrumuræða hennar á flokksþingi Alþýðuflokksins árið 1994, þá hafði hún tapað í formanskjöri fyrir Jóni Baldvini Hannibalssyni. Í ræðunni sagði hún svo eftir minnilega:

“Minn tími mun koma!”

„Minn tími mun koma,“ en þau orð eru í dag orðin ódauðleg.

Jóhanna varð sjötug árið sem hún lét af þingstörfum og því komin á löglegan eftirlaunaaldur. Árið 2013 kom út bókinn Við Jóhanna þar sem Jónína Leósdóttir, eiginkona Jóhönnu, fjallaði um samband

þeirra og árið 2017 kom út bókinn Minn tími: Saga Jóhönnu Sigurðardóttur, um ævi hennar. Jóhanna er enn málsmetandi á sviði stjórnmála, með sterkar skoðanir og lætur í sér heyra þegar henni misbýður eitthvað. Jóhanna er því vel gift í Vesturbænum og nýtur lífsins.

# GRAFÍSK HÖNNUN

**Lógó  
bréfsefni  
bæklingar  
myndskreytingar  
merkingar ofl.**

**XPRENT**  
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is

# UPPÁTÆKJASAMA AMMAN EYGLÓ

Eygló Lind, sjötug amma í Borgarnesi, greip til sinna ráða þegar barnabörnin hennar þurftu að fara í sóttkví í tvær vikur.

Auður Ösp  
Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Til að skemmta börnunum og gera aðskilnaðinn auðveldari tók Eygló Lind Egilsdóttir upp á því að mæta fyrir utan stofugluggann á hverjum degi, klædd í grímubúning. Hún segir bráðnaðsýnlegt að halda í húmorinn og gleðina á þessum skrítnu tímum í samfélaginu.

## Sú yngsta fór að skæla

Eygló Lind á sjö börn og tólf barnabörn. Tvær af dætrum hennar búa í Borgarnesi og sex af barnabörnunum. Á öðru heimilinu eru börnin tveggja, fimm og sjö ára og á hinu eru þau sjö, tíu og tólf ára. Í seinasta mánuði voru öll barnabörnin komin í sóttkví á heimilum sínum.

Eygló býr ein og er í daglegum samskiptum við dætur sínar í Borgarnesi og fjölskyldur þeirra: fer oft til þeirra í mat eða kíkir í heimsókn. „Þess vegna var það rosalega skrítið þegar ég mátti allt í einu ekki koma inn. Ég hugsaði með mér hvað þetta væri langur tími þangað til ég gæti hitt þau aftur. Þarna varð ég að finna upp á einhverju svo ég gæti haldið áfram að koma í heimsókn.“

Þá kviknaði hugmyndin. Eygló svipaðist um heima hjá sér eftir einhverju til að nota sem gervi og fyrsta daginn klæddi hún sig upp sem ömmu Línu Langsokks.

Sú yngsta var ekkert alltof hrifin af þessu uppátæki til að byrja með og fyrsta daginn brá henni svo mikið að hún fór að háskæla. Hjá hinum sló upptækið rækilega í gegn. „Ég kom alltaf á sama tíma á hverjum morgni og þau biðu alltaf spennt eftir mér.“

Á hverjum degi birti dóttir Eyglóar mynd á Facebook af nýjasta búningnum og fyrr en varði var stór hópur fólks farinn að fylgjast með á síðunni, sumir bláókunnugir.

## Systirin var grunlaus

Eygló segist ekki hafa átt í neinum vandræðum með að finna búninga. „Mér tókst að grafa upp hitt og þetta. Ég fékk líka lánaða búninga og flíkur frá nokkrum vinum. Börnin vissu aldrei í hvernig búningi ég myndi mæta næst.“ Eygló mætti til að mynda sem Bleiki pardusinn, sem spænsk senjoríta og einn daginn kom hún í Star Wars-búning.

Einn daginn fann hún hvítt lak heima hjá sér og var ekki lengi að útbúa draugabúning. Það vill svo til að systir Eyglóar býr einnig í Borgarnesi og snýr eldhúsglugginn á húsi hennar þannig að auðvelt er að sjá þar inn. Að sjálf-sögðu fékk hún að taka þátt í gleðinni. Hún bað reyndar ekki um það.

„Þegar ég var búin að fara til krakkanna í draugabúningnum þá fór ég aðeins á rúntinn, ég vissi að systir mín var heima. Ég lagði bílnum langt frá húsinu hennar svo hún myndi ekki verða vör við mig. Svo bankaði ég á eldhúsgluggann, þar sem hún stóð við vaskinn, og átti sér einskis illa von. Henni brá svo mikið að hún rak upp óp og svo fékk ég að heyra hvernig í ósköpunum mér hefði dottið þetta í hug!“ segir Eygló og skellir upp úr. Systir hennar var þó fljót að fyrirgefa uppátækið og Eygló heimsótti hana í búningi nokkrum sinnum í viðbót, þar sem mikið var hlegið.


Hún bætir við að það hafi reyndar orlað á smá hneykslan hjá elstu barnabörnunum í hópnum. „Þessari sem er að verða 12 ára fannst hún verða að spyrja mig: Amma, á hverju ertu?“ segir hún og hlær.

Hún tekur heilshugar undir að fullorðið fólk eigi ekki að þurfa áfengi til að sleppa fram af sér beislinu. „Maður er jú alinn upp við það að þegar þú ert kominn á vissan aldur eigir þú að haga þér svona eða hinsegin. Kannski er það aðeins að breytast núna, maður sér það til dæmis á Facebook í dag að það er fullt af fólki að stíga út fyrir þægindarammann og birta myndbönd af sér að syngja og gera hitt og þetta. Við erum öll börn innst inni og við þurfum að halda í þetta barn í okkur.“

## Með húmorinn í lagi

Húmorinn hefur fleytt Eygló langt í gegnum árin. Hún nefnir sem dæmi erfiðan skilnað sem hún gekk í gegnum þegar hún var 31 árs. Skyndilega stóð hún uppi sem einstæð, fimm barna móðir. „Jújú, maður er búinn að lenda í ýmsu í gegnum ævina en ég nenni nú ekkert að standa í því að vera bitur eða reið. Hver er tilgangurinn með því?“

Mér finnst eiginlega eins og barnið og leikurinn verði bara sterkari í mér með árunum. Veistu, ég bara nenni



Eygló segist ekki hafa átt í neinum vandræðum með að finna búninga.

MYNDIR/ABSENDAR



ekki að taka mig of alvarlega. Ég var að muna eftir því að ég á afmæli í sumar, ég verð sjötug, það er aldrei að vita nema maður geri eitthvað þá!“ ■

„Við erum öll börn innst inni og við þurfum að halda í þetta barn í okkur.“

# Fyrsta íslenska fegurðar- drottningin var listamaður

Fyrsta íslenska fegurðarsamkeppnin var haldin árið 1939. Lóló Jónsdóttir bar sigur úr býtum. Þegar blaðamaður Vikunnar spurði hvernig henni litist á að vera orðin fegurðardrottning Íslands svaraði hún: „Æ, blessaðir, segið þér ekki fegurðardrottning!“

## TÍMA VÉLIN

„Það er mál þeirra manna, sem víða hafa farið, og margar konur séð, að hvergi geti fegurri konur en á voru landi, Íslandi. Og þetta er ekki skrum, því að íslenska stúlkan er hvort tveggja í senn: fagurlímuð og andlitsfríð.“ Þetta kom fram í grein sem birtist í Vikunni árið 1939 en titill greinarinnar var „Fríðustu dætur Íslands“. Greinin var birt í tilefni þess að Vikan stóð fyrir fyrstu íslensku fegurðarsamkeppninni. Það var síðan 19 ára gömul Reykjavíkurmær, Lóló Jónsdóttir, sem hlaut titilinn fegurðardrottning Íslands í september þetta ár.

Ungfrú Lóló Jónsdóttir hefir verið kjörin fegurðardrottning Íslands fyrir yfirstandandi ár, og hlýtur hún til fullrar eignar silfurbikar þann, sem blaðið gaf til að keppa um. Hlaut hún langflest atkvæði í báðum kosningunum, bæði í tillögukosningunni og úrslitakosningunni,“ segir í grein Vikunnar þann 28. september 1939. Fram kom að Lóló væri dóttir Jóns Ólafssonar bankastjóra og Þóru Halldórsdóttur konu hans. Þegar blaðamaður Vikunnar spurði Lóló hvernig henni litist á að vera orðin fegurðardrottning Íslands svaraði hún: „Æ, blessaðir, segið þér ekki fegurðardrottning! Það er svo stórt orð, allt of stórt. Auk þess hefi ég ekkert um eða við því að segja.“

Lóló hafði lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík tveimur árum áður og stundað listnám í Kaupmannahöfn og München. Aðspurð um áhugamál sagði hún hafa gaman af því að lesa góðar bækur og hlusta á góða músík, auk þess sem henni þætti gaman að dansa „eins og flestum ungum stúlkum“, iðka ýmsar íþróttir og spila á píanó.

„Ekki svo að skilja, að ég sé neinn íþróttagarpur, né heldur er ég neinn píanósnill-

ingur, öðru nær. En þrátt fyrir það er ekkert því til fyrirstöðu, að mér geti þótt gaman að því,“ sagði hin nýkrýnda fegurðardrottning.

### Fegrunarfélag Íslands stofnað

Vikan stóð ekki aftur fyrir fegurðarsamkeppni. Það var ekki fyrr en níu árum síðar að Fegrunarfélag Reykjavíkur var stofnað. Tilgangur félagsins var meðal annars að fegra borgina og „kenna íbúum smekkvísi og háttsemi“ en í stjórn þess sátu meðal annars Gunnar Thoroddsen borgarstjóri og Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands.

Tveimur árum síðar, í ágúst 1950, stóð Fegrunarfélagið síðan fyrir fegurðarsamkeppni fyrir stúlkur úr Reykjavík og fór keppnin fram í Tívoli í Vatnsmýrinni. Alls tóku fjórtán stúlkur þátt í keppninni og kepptu þær fyrir hina ýmsu bæjarhluta. Einar Pálsson, framkvæmdastjóri Fegrunarfélagsins, sá um keppnina en dómnefnd skipuðu Þórólfur Smith blaðamaður, Ævar Kvaran leikari, Kjartan Guðjónsson listmálari, Jóhanna Sigurjónsdóttir ljósmyndari, Sif Þórz listdansari og íþróttamennirnir Guðjón G. Einarsson og Benedikt Jakobsson.

Það var síðan Reykjavíkurmærin Kolbrún Jónsdóttir sem hlaut titilinn „Fegursta stúlkan í Reykjavík“ en í grein Fálkans á sínum tíma kom fram að Kolbrún væri dóttir Jóns Þorleifssonar listmalara og hefði sjálf numið höggmyndalist í Ameríku. Hlaut hún í verðlaun alfatnað frá Feldinum hf. ásamt ýmsu tilheyrandi og fékk hún að velja það sjálf úr versluninni.

### Fékk Parísarferð og 1.000 krónur í verðlaun

Engin fegurðarsamkeppni var haldið árið á eftir en árið 1952 hlaut Elín Snæbjörnsdóttir titilinn fegursta stúlkan í Reykjavík og árið á eftir var það Sigríður Jóna Árnadóttir.

Keppnin um titilinn ungfrú Ísland var síðan haldin



Ungfrú Ragna Ragnars frá Akureyri var kjörin fegurðardrottning Íslands 1954 en þá var ljóst að fegurðarsamkeppnir voru komnar til að vera hér á landi.

MYNDIR/  
TIMARIT.IS

í fyrsta sinn árið 1954. Fjór­tán stúlkur tóku þátt en sjö þeirra voru úr Reykjavík, tvær frá Akureyri og ein frá Keflavík, Sandgerði, Ytri-Njarðvík, Vestmannaeyjum og Akranesi. Að þessu sinni var engin dómnefnd heldur réðu áhorfendur úrslitum.

„Á laugardagskvöldið var hið fegursta veður, og flykktust bæjarbúar þúsundum saman suður í Tívoli til að skoða hinar ungu blómarósir. Næstum því tveir þriðju hlutar þeirra, sem sóttu úti-skemmtunina í Tívoli-garðinum þetta kvöld greiddu atkvæði um fegursta stúlkuna úr hópnum, en alls voru seldir á 10 þúsund aðgöngumiðar,“ kom fram í grein Fálkans.

Þá kom einnig fram að hin árlega fegurðarsamkeppni í Tívoli hefði skapað sér tryggan sess „þrátt fyrir ýmsar tilraunir í þá átt að afnema þennan þátt úr dagskrá hátíðahaldanna“.

„Aðsóknin að Tívoli sýnir



Keppendur í Fegurðarsamkeppni Íslands árið 1950.

einnig mjög vel, að fólk kann að meta þessa nýbreytni sem hér hefur verið tekin upp að sið erlendra þjóða og ólíklegt er að þeir, sem eru á móti hinni árlegu fegurðarsamkeppni, fái komið vilja sínum fram á næstu árum.“

Það var síðan ungfrú Ragna Ragnars frá Akureyri sem var kjörin fegurðardrottning Íslands 1954. Fram kom í

grein Fálkans að Ragna væri dóttir hjónanna Sverris Ragnars og Maríu Matthíasdóttur á Akureyri. Hún stundaði nám í Menntaskólanum á Akureyri og hafði undanfarin sumur unnið í útibúi Útvegsbankans þar í bæ. Verðlaunin voru ekki af verri endanum: flugferð til Parísar og heim aftur, vikuvöl í stórborginni og 1.000 krónur að auki. ■

# Dularfulli tjaldmaðurinn: Hvaðan kom hann? Hvað varð um hann?

Málið er allt hið undarlegasta og ansi flókið, og í sjálfu sér sorglegt eins og faðir tjaldmannsins sagði nýlega.

## SAKA MÁL

**Aðfaranótt 3. maí 2010** tjaldaði dularfulli „tjaldmaðurinn“ í miðju íbúðahverfi í Hønefoss í Noregi. Daginn eftir var hann horfinn en tjaldið og eigur hans stóðu óhreyfð.

Allt hófst þetta með því að ungur maður fór með næturlestinni frá Ósló og fór úr henni á lestarstöðinni í Hønefoss klukkan 00.50. Lesturvörður tók eftir unga manninum því hann var með mikið af útilegubúnaði með sér, talaði lélega ensku og virtist ekki þekkja til á svæðinu.


Ungi maðurinn fór síðan og tjaldaði í miðju íbúðahverfi í bænum, um einn kílómetra frá lestarstöðinni. Þegar leið á daginn var lögreglunni tilkynnt um tjaldið og allan búnaðinn sem stóð utan við það. Lögreglumenn fóru á vettvang til að sækja tjaldið og búnaðinn.

Í tjaldinu fundu þeir margvíslegan útilegubúnað, einhvers konar veiðivopn sem nefnist „blow gun“ (sem er blástursvopn eins og nafnið bendir til) og pípur í það. Einnig fannst dularfullt kort. Á því var yfirlit yfir óbyggt svæði í Sokna og á það var skrifað „target“ (skotmark).

Þá fannst myndavél í tjaldinu en engin skilríki. Búið var að eyða öllum myndum í vélinni en lögreglunni tókst að kalla tvær þeirra fram á nýjan leik. Á annarri sást ungur maður sem lögreglan gekk út frá að væri tjaldmaðurinn. Lýst var eftir honum í fjölmiðlum en án árangurs.

### Leitin að svári

Ekkert gerðist í málinu eftir



Tjaldmaðurinn reyndist vera ungur ferðamaður með undarlegan ásetning. MYND/SKJÁSKOT ÁSTED NORGE

þetta og lögreglan virðist ekki hafa eytt meiri kröftum í það. Á síðasta ári var ákveðið að taka málið fyrir í þáttaröðinni Ásted Norge en í henni eru óleyst mál af ýmsu tagi tekin fyrir og reynt að komast til botns í þeim.

Þáttastjórnendur sneru sér til lögreglunnar í Hønefoss sem var reiðubúin til að aðstoða. Lisbeth Grøtterud Edvardsen yfirlögregluþjónn var þó hrædd um að mikilvægar vísbendingar hefðu glatast því tjaldið og aðrir munir tjaldmannsins voru seldir á uppboði í nóvember 2010.

Hún hafði samband við kaupendur og þáttagerðarmenn hittu hjónin sem keyptu bakpoka tjaldmannsins. Konan mundi að í bakpokanum hafði verið hollenskur matur og skæri frá hollenskum framleiðanda. Á bakpokanum héngu síðan krókar sem á stóð „Amsterdam“.

Þetta benti að mati þáttagerðarmanna til að tjaldmaðurinn væri frá Hollandi. Lögreglan í Hønefoss sendi því beiðni um aðstoð til hollensku lögreglunnar í gegnum alþjóðalögregluna Interpol. Með beiðninni var myndin af hinum meinta tjaldmanni send. Í september á síðasta ári barst síðan svar sem vakti óhug hjá lögreglunni.

### Var hann hryðjuverkamaður?

Lögreglan beið þar til í desember með að deila upplýsingunum frá hollensku lögreglunni með þáttagerð-

armönnum. Það var ekki fyrr en hollenska lögreglan hafði neitað að staðfesta að fyrstu upplýsingarnar sem norska lögreglan fékk væru réttar.

„Já, við fengum svör sem benda til að maðurinn á myndinni geti verið Tristan van der Vlis, sem lést í apríl 2011. Það er að segja tæpu ári eftir að hann var hugsanlega í Noregi,“ sagði Edvardsen við þáttagerðarmenn og bætti síðan við: „Hann gekk inn í verslunarmiðstöð í Hollandi og drap sex manns og særði fleiri áður en hann svipti sig lífi.“

Þessar upplýsingar komu að sögn Edvardsen frá lögreglumanni í því teymi hollensku lögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Hann taldi manninn á myndinni líkjast Tristan van der Vlis.

Þáttagerðarmenn hringdu í foreldra Tristans. Þau báðu um að þeim yrði sendur tölvupóstur og svöruðu honum nokkrum dögum síðar. Þau sögðu að sonur þeirra hefði aldrei komið til Noregs en vildu ekki skoða myndina og þar með var ekki hægt að staðfesta hvort um son þeirra var að ræða eða ekki.

### Málið leysist

Hin ljósmyndin, sem lögreglunni tókst að endurgera úr myndavélinni, hafði aldrei verið birt opinberlega fyrr en á þessu ári. Á myndinni sjást tveir menn og götunafn á bak við þá. Gatan reyndist vera í Tarifa á Spáni. Í febrúar hófu norsku þáttagerðarmennirnir

ir samstarf við blaðamanninn Sander van Mersbergen hjá Allgemeen Dagblad, sem er stærsta dagblað Hollands. Blaðið hafði fjallað mikið um Tristan van der Vlis og er með gott net heimildarmanna.

Mersbergen setti sig í samband við marga sem þekktu Tristan van der Vlis og sýndi þeim myndina af tjaldmanninum. Þrír sögðu að maðurinn líktist Tristan mikið en töldu samt að myndin væri ekki af honum. Að lokum gat Mersbergen talið foreldra Tristan van der Vlis á að skoða myndina og staðfestu þau að myndin væri ekki af honum.

Næsta skref var því að lýsa eftir tjaldmanninum í blaðinu Allgemeen Dagblad. Greinin var sú þriðja mest lesna þá helgina en rúmlega 300.000 manns lásu hana á netinu. Einn þeirra sem lásu hana þekkti mennina á myndinni. Hann sendi tölvupóst til Mersbergen þar sem stóð: „Tjaldmaðurinn, eins og þið kallið hann, er sonur minn. Ég er maðurinn til vinstri á myndinni frá Spáni. Hann er á lífi en ringlaður.“

Maðurinn, sem er nefndur Rick í Ásted Norge til að hlífa syni hans, þekkti sjálfan sig og soninn strax á myndinni frá Spáni. Rick ræddi við þáttagerðarmennina um málið.

„Ég sá myndina í blaðinu og brá mikið. Maðurinn til vinstri, í stuttbuxum, er ég með syni mínum. Myndina tók vinur okkar í Tarifa á

Spáni í kringum 2000,“ sagði Rick. Það var áður en sonurinn fór að fikta með fíkniefni en það varð til þess að hann veiktist alvarlega andlega.

„Hann var í fínu lagi þarna. Hann var góður og félagslyndur strákur,“ sagði Rick og bætti við að sonurinn hefði byrjað að borða sveppi og drekka ayahuasca-te til að komast í einhvers konar trans.

„Hann var mjög góður strákur. Hann vann á nokkrum stöðum en síðan byrjaði hann að fikta við vímuefni þegar hann var 21 árs. Ég held að þetta hafi reynst honum ofviða. Á ákveðinn hátt hef ég misst hann,“ sagði Rick og bætti við að þegar sonurinn var 24 ára, árið 2010, hafi hann viljað fara til Noregs því það væri fallett land.

Hann veit ekki af hverju Hønefoss varð fyrir valinu en sonurinn sýndi honum kortið sem á var ritað „target“ áður en hann fór af stað. Hann ætlaði sér að hafast við í óbyggðum um hríð. Hann taldi að sonurinn hefði ekki haft neina kunnáttu til að nota blástursvopnið og ekki haft neina reynslu af veiðum eða því að vera langdvölum úti í náttúrunni.

### Flýtti sér heim

Rick sagði að sonurinn hefði snúið heim frá Hønefoss næstum jafn skyndilega og hann fór til Noregs. Þegar heim kom sagði hann að honum hefði ekki líkað við Noreg og hefði skilið allt sitt hafurtask eftir, einnig myndavélina sína. Rick reiddist við þetta en sonurinn vildi ekki tala um þetta.

„Ég hélt að hann hefði kastað þessu í ruslagám. Síðan las ég í Allgemeen Dagblad að hann hefði skilið þetta eftir í litlum bæ og að íbúarnir hefðu velt fyrir sér í tíu ár hver hann væri. Þá varð ég mjög hissa,“ sagði Rick og bað lögregluna og íbúa Hønefoss afsökunar á að sonur hans hefði valdið þessum vandræðum. Aðspurður sagðist hann hafa sýnt syninum Allgemeen Dagblad.

„Já, ég sýndi honum það í morgun. Hann sagði bara að verkefninu væri lokið eða eitthvað í þá veruna. Ég get talað við hann í tvær þrjár mínútur en þá hverfur hann inn í annan heim. Einhvers konar tölvuleikjaheim.“ ■





[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:


- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



**KRÓKUR**

*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær



Ofninn fyrir og eftir breytingarnar. Það er auðveldlega hægt að losa bekkinn frá ofninum.

MYNDIR/ADSENDAR

# Sniðugar lausnir fyrir heimilið

Það þarf ekki að vera flókið eða dýrt að taka heimilið í gegn. Málning ein og sér getur blásið nýju lífi í gömul húsgögn, hurðir og sturtuklefa.

Guðrún Ósk  
Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



Það hafa margir landsmenn nýtt samkomubannið í að skreyta, breyta og betrubæta heimilið. Ef einhvern tíma er tíminn, þá er það núna.

Það hefur sína kosti að gera upp gömul húsgögn. Það er í fyrsta lagi ódýrara en að kaupa en það gefur þér einnig þá tilfinningu að þú hafir afrekað eitthvað stórkostlegt.

Húsgagnasmiðurinn Lára Björnsdóttir gefur lesendum

þau ráð að stinga sér í djúpu laugina og prófa sig áfram. Enginn vandi sé of stór til að það sé ekki örugglega hægt að finna sniðuga lausn á honum.

Við ræddum við fjóra einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa umbreytt einhverju heima hjá sér á sniðugan máta.

Oliver Steinar tók sturtuklefan í gegn fyrir litlar fimm þúsund krónur. Heiðbrá Rósa breytti sjarma heimilisins með því að mála innihurðirnar. Lára gaf fjörutíu ára skáp nýtt líf og foreldrar Veru fundu fallega lausn á ljótum vanda. ■

## Hvetur fólk til að stinga sér í djúpu laugina

Húsgagnasmiðurinn **Lára Björnsdóttir** hefur gert upp ófáa skápana. Á dögnum kláraði hún að mála furuskáp sem hún smíðaði árið 1980.

„Mér fannst vera kominn tími á upplýftingu og breytingu. Ég nota alltaf vörur frá Flügger og í þetta skiptið notaði ég vatnslakk og auðvitað grunnaði ég á undan. Hnúðinn á skápinn keypti ég hjá Habitat.“

Lára hefur tekið þó nokkra skápa í gegn en breytti aðeins aðferðinni í þetta skipti.

„Á hina skápana sem ég hef gert upp hef ég notað olíulakk sem ég mæli frekar með því mér finnst betra að vinna með það. Ég er ekki að þússa mikið á undan, ég passa bara að fletir séu hreinir,“ segir Lára og gefur lesendum góð ráð.


„Endilega bara að stinga sér í djúpu laugina og prófa enda er oft verið að auglýsa gamla skápa gefins eða fyrir lítinn pening sem hægt er að gefa nýtt útlit.“




Lára sýnir að það er heldur betur hægt að blása nýju lífi í gömul húsgögn.



Lára smíðaði þennan skáp þegar hún var að læra húsgagnasmíði fyrir 40 árum. Ótrúleg breyting á skápnum.





Það er auðvelt að taka bekkinn frá til að stilla hitann á ofninum.

## Sniðug lausn á ljótum vanda

Foreldrum **Veru Sigurðardóttur** tókst að finna sniðuga lausn á ljótum vanda sem hafði truflað þau lengi. „Það var ljótur og langur ofn á ganginum heima hjá foreldrum mínum. Það hafði alltaf staðið til að setja eitthvað yfir hann. Eftir að það var ákveðið að skipta um gólfefni fór ég að hugsa hvernig væri hægt að fela ofninn á fallegan máta,” segir Vera.

„Mér fannst allar hugmyndir ómögulegar þar til mér datt í hug að nota parketið, saga það niður í lista og hafa bil á milli.” Vera var búin að

sjá flotta lausn á svipuðu vandamáli hjá vinkonu sinni. „Það kom mjög vel út. Ég kannaði einnig málið með loftun á ofninum, svo hann væri að gera sitt gagn, og ég fékk þær upplýsingar að þriggja sentímetra bil fyrir ofan og neðan ætti að ganga,” segir hún.

„Pabbi fór og keypti álprófila sem hann sagaði niður í réttar stærðir. Hann keypti svo plastné til að skeyta þetta saman, svo var það sprejjað svart. Við ákváðum að hafa þetta þannig að það væri auðvelt að taka þetta frá til að komast

að stillingunum og þrifa,” segir hún.

Faðir Veru fékk aðstoð frá smið sem kom með hugmyndir varðandi hvernig væri hægt að útfæra hugmyndina. „Niðurstaðan var að líma borðin á járnprófilana með einhverju töfralími og auðvitað voru notaðar þvingur og fleira til að þetta yrði skothelt og gert í nokkrum lotum. „Þetta tók um þrjá til fjóra daga í framkvæmd, en bara því við þurftum að bíða eftir að límið þornaði.”

Foreldrar Veru eru mjög sáttir við útkomuna enda smekkleig lausn.

## Ný sturta

„Planið hjá mér var að fá mér nýja sturta, jafnvel kannski taka klefann í burtu og fá mér bara gler í staðinn. Svo einn daginn er ég að vafra á netinu og sé sturtuklefa svipaðan mínum nema með svörtum ramma. Þannig að ég fékk hugmynd, af hverju ekki að gera minn svoleiðis?” segir **Oliver Steinar** og kynnti sér hvaða efni hann þyrfti í verkefnið og lét til skarar skriða.

„Það sem ég byrjaði á að nota var Hammerite metal-málning. Ég málaði rammann fyrst með því. Það kom rosalega vel út en mig langaði í matt útlit. Þannig að ég keypti mér svart matt sprej sem er fyrir málm og sprejjaði yfir málninguna. Ég sprejjaði líka sturtuhausinn og slönguna.”

Oliver segir útkomuna hafa komið sér á óvart. „Ég varð eiginlega bara ástfanginn af útkomunni. Liturinn hefur haldist mjög vel á, ekkert flagnað af og enginn leki. Þetta kostaði mig í kringum 5.000 krónur. Þetta er bara eins og ný sturta.”



Sturtuklefinn hjá Oliver fyrir og eftir breytingarnar.

Ég varð eiginlega bara ástfanginn af útkomunni.

## Hurðirnar fengu nýtt líf

**Heiðbrá Rósa Steinþórsdóttir** hafði hugsað lengi um að mála eða filma hurðirnar heima hjá sér. Hún lét loks verða af því fyrr í mánuðinum og er mjög ánægð með útkomuna.

„Við keyptum lakk í Sérefni á hurðirnar og máluðum síðan veggina með litnum Dögg frá Slippfélaginu. Við erum ótrúlega ánægð með þetta,” segir Heiðbrá Rósa.

Hurðirnar heima hjá Heiðbrá Rósu eftir breytingarnar.



Hurðirnar fyrir breytingarnar.

# BÆKUR FYRIR BÖRNIN

Sígildar og nýjar bækur fyrir börn á öllum aldri í miklu úrvali



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)  
Opíð alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16

# Una í eldhúsinu

## HUGGULEGT KAFFIBOÐSFÖNDUR



Matgæðingur DV, Una Dögg Guðmundsdóttir, töfrar fram huggulegt helgarboð með lítilli fyrirhöfn. Sé fólk í stuði er tilvalið að henda í heimagerðan ís.

Una vippar á sig svuntni og töfrar fram kynngimagnaðar kökur og gúmmelaði eins og ekkert sé. Hér er það klassísk marengsterta sem skilur alla eftir í kolvetnisþoku með sælubros á vör.

Eins og flestir vita eru eggjahvítur í marengs en það er tilvalið að skella í smá heimagerðan ís með rauðunum. Hann má borða einan og

sér eða setja á milli marengsbotna vilji fólk það frekar en rjóma. Klassísk uppskrift kveður á um 4 eggjarauður, 6 matskeiðar sykur og 500 ml af rjóma. Rjóminn er þeyttur og settur til hliðar. Því næst eru eggin og sykurinn hrærð mjög vel saman í hrærivél. Því næst er rjómanum hrært saman við með sleif. Bragðbætt með vanillu ef vill. Sett í frysti yfir nótt.



### Ormasúkkulaðiþúðingur fyrir litla orma

Er ekki tilvalið að föndra girnilegt og fljótlegt moldarstaup með ornum í tilefni þess að nú fer grasið að grænka? Uppskrifin tekur örfáar mínútur í gerð og krakkarnir munu skríkja af kátinu.

Þessi eftirréttur slær alltaf í gegn og er einfaldur og því tilvalið að leyfa krökkunum að aðstoða við að útbúa hann. Hann er vinsæll í barnaafmælum og hrekkjavökuveislum, nú eða bara á góðu föstudagskvöldi.


**1 pakki Royal-súkkulaðiþúðingur 4-5 stk. Oreo-kex**  
**1 pakki hlaup ormar/gúmmí**

Útbúið Royal-súkkulaðiþúðing eftir leiðbeiningum.

Setjið í 4-5 glös.

Raspið niður Oreo-kex (svo að það líti út eins og sandur eða mold).

Skreytið með hlaupormum og setjið í kæli í um 15 mínútur.



### Marengskaka með sumarlegum blæ

Með hækkandi sól er tilvalið að bjóða upp á sumarlega tertu með helgarkaffinu. Ferskir ávextir gera tertuna sumarlega en tilvalið er að bjóða upp á freyðivinsglas með eða sódavatn með ferskum ávöxtum og skála fyrir væntanlegu sumri með samkomugleði og blóm í haga.

**Marengsbotnar**  
**4 stk. eggjahvítur**  
**2 dl sykur**  
**3 dl Rice crispies**  
**1 tsk. lyftiduft**

Hitið ofninn í 120 gráður á blæstri. Þeytið saman eggja-

hvítur og lyftiduft og bætið sykrinum smám saman við þar til marengsinn er orðinn alveg stíffur. Rice crispies er bætt varlega saman við með sleikju.

Leggið marengsblönduna í tvo jafna hringi, ca. 23-25 cm í þvermál, á tvær arkir af bökunarpappír.

Bakið í ofninum í 60 mínútur.

**Karamellukrem**  
**50 g smjör**  
**150 g rjómasuðusúkkulaði**  
**4 stk. eggjarauður**  
**4 msk. flórsykur**

Byrjið á að bræða saman smjör og súkkulaði við vægan hita og passið að hræra vel í blöndunni. Látið kólna aðeins.

Þeytið saman eggjarauðurnar og flórsykurinn. Blandið næst öllu saman og hrærið vel.

Setjið um 3/4 karamellunnar á neðri marengsbotninn, þeytið 500 ml af rjóma og setjið ofan á karamelluna.

Næst er efri botninn settur á og þá er tilvalið að skreyta með restinni af karamellunni ásamt falletum ávöxtum.

Fylgdu okkur á Facebook og Instagram.

#FYRIR MIG



# Ljúffenga pestó-nautið hans Ladda slær í gegn

Nautalundin er í uppáhaldi hjá Ladda en indverskur matur á sérstakan stað í hjarta hans. Mataræði hans samanstendur af hollum og góðum mat þó að hann fylgi engu ákveðnu mataræði.

Guðrún Ósk  
Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



Gamanleikarinn Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi, hefur glatt landann í marga áratugi með gríni og glensi í sjónvarpsþáttum, kvikmyndum og auglýsingum, svo fátt eitt sé talið. Hann slær nú enn og aftur í gegn, í þáttaröðinni Jarðarförin mín á Sjónvarpi Símans. En hvað ætli einn ástsælasti leikari landsins borði á venjulegum degi?

## Rólegur dagur

„Ég fer yfirleitt á fætur klukkan 8.30 og fæ mér morgunmat sem er mjög fábrotinn. Akkúrat núna í samkomubanninu er ekki mikið að gera en ég les einu sinni í viku inn á teiknimyndir hjá Myndformi. Svo reyni ég að nota tímann til að mála myndir,“ segir Laddi.

Hann fylgir engu ákveðnu mataræði og segist borða nánast allt. „Ég borða mikið kjúkling á ýmsu formi, og fisk, en ég reyni alltaf að borða hollan mat,“ segir Laddi. Hann segist ekki eyða miklum tíma í eldhúsinu en vera þó mjög liðtækur í þar, sérstaklega ef það á að vera indverskt. Uppáhaldsmáltíð hans er nefnilega indverskur matur með saffrangrjónum og spæsí kartöflum.

## Breyttar matarvenjur í tökum

Þegar Laddi var í tókum fyrir þáttaröðina Jarðarförin mín breyttust matarvenjur hans sökum anna. „Það var ein



Laddi er mjög liðtækur í eldhúsinu, sérstaklega ef það á að vera indverskt.

MYND/ERNIR

## Matseðill Ladda

### Morgunmatur

Kaffi og ristað brauð með osti svo stundum set ég kaviar ofan á og stundum súrar gúrkur. Ég nota gammeldags gurka, sem eru sænskar. Þær eru bestar.

### Hádegismatur

Borða yfirleitt á Krúsku, mjög hollur og góður matur.

### Kvöldmatur

Ekkert hefðbundið, bara létt og hollt. Laddi segir að indverskur réttur sé vinsælastur á sínu heimili þessa stundina. „En mín uppskrift er leyndó. Næstvinsælast er nautalund í pestósósu,“ segir hann og deilir þeirri uppskrift með lesendum.

máltíð um miðjan dag, en það var reynt að hafa matinn hollan. Hann var keyptur svona héðan og þaðan, en yfirleitt gat maður valið hvort maður vildi fisk eða kjöt. Svo var það happa og glappa hvort manni fannst maturinn góður, en hann var aldrei vondur,“ segir Laddi og bætir við: „Það var alltaf gefinn hálf tími í mat, svo var alltaf hægt að ná sér í snarl á milli atriða, þar sem myndaðist bið.“ ■

„Ég borða mikið kjúkling á ýmsu formi, og fisk, en ég reyni alltaf að borða hollan mat.“

## Nautalund í pestósósu

800 g nautalund (4 x 200 g steikur)  
3 msk. matarolía til steikingar  
Salt og pipar  
80 g parmesanostur (heill)

Steikið kjötið í heitri olíu í 6–8 mínútur. Snúið af og til, bragðbætið með salti og pipar.

Setjið á miðja diska, leggið meðlætið yfir og þunnar sneiðar af parmesanosti þar yfir.

### Pestósósa með furuhnetum

4 msk. pestómauk, grænt  
1 dl hvítvín, óáfengt (má sleppa finnst mér)  
2 dl kjúklingasoð (vatn og teningur)  
200 g sykurbaukir (snjóbaukir)  
8 msk. furuhnetur  
2-3 stk. tómatar  
2 dl rjómi  
Salt og pipar



Ristið furuhnetur á þurri pönnu og setjið til hliðar.

Setjið pestómauk, hvítvín, kjúklingasoð og sykurbaukir í pott og sjóðið við vægan hita í 2 mínútur.

Bætið furuhnetunum og rjóma sam-

an við og sjóðið í aðrar 2 mínútur.

Sneiðið tómata og setjið sneiðarnar í sósunu rétt áður en rétturinn er borinn fram.

Meðlæti  
Pasta (tagliatelle)



## Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

### 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OneQuality



### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



Gæða-  
stjórnun á  
stóran þátt í góðum  
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem  
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og  
utanumhald gæðahand- bókar og  
skjala.

OnePortal er  
vefgátt sem gerir  
fyrirtækjum og sveitar-  
félögum kleift að veita íbúum  
þjónustu allan sólahringinn, allt  
árið um kring. Rafrænin innri ferlar  
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa  
eða viðskiptavini, þar sem þeir  
geta afgreitt sig sjálfa á  
sjálfvirkan máta með  
innsendingu  
umsókna og  
erinda á  
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður  
Moreq2, kröfur evrópulanda um  
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



## Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn  
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga  
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

# Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir, hjónabandsráðgjafi með meiru, hefur gengið til liðs við DV og mun svara spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börn og ástina.

Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesanda sem er fastur í rifrildishring.

Sérfræðingur svarar



## HANN DREPUR ALLA STEMMINGU

Sæl, Kristín. Ég og sambylismaður minn erum föst í rifrildishring sem er verulega farið að hafa áhrif á allt heimilislífið og börnin okkar. Mér finnst hann tuða yfir öllu og ég er farin að hreyta í hann ónotum. Hann kann ekki að velja sér orrustur og er alltof smámunasamur. Hann til dæmis tuðar stanslaust yfir því að strákarnir raði ekki skónum og að ég gleymi að taka úr þurrkaranum. Mig langar hreinlega að rota manninn! Ég veit að ég er ekki fullkomin en sumt er ekki þess virði að stúta stemmingunni fyrir.

### Okkar eini rétti

Það er misskilningur að við getum fundið maka sem er okkar „eini rétti“. Það getur enginn uppfyllt allar langanir og þrjár annarrar manneskju, né verið sammála í einu og öllu þegar kemur að skoðunum og lífsgildum. Algjörlega óraunhæft dæmi.

### Öll þör deila og takast á

Þar af leiðir að öll þör deila og takast á. Mismikið að sjálfsögðu og með ólíkum hætti en allir þurfa að finna takt og leiðir til þess að takast á við ólíka sýn. Skiptir þá mestu hvernig ósamstöðu er mætt og hvaða leiðum er beitt. Mörgum hættir til að treysta á hugsanalestur en það er ekki sérlega vænlegt til árangurs. Þess vegna getur reynst vel að tala saman, segja hvað liggur að baki „þirringnum“ og reyna að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir hann.

Þú nefnir að hann stúti stemmingunni og kunni ekki að velja sér orrustur. Getur verið að það skipti hann meira máli en þig að skórnir séu á sínum stað? Þetta hljómar eins og þið séuð með ólíkar hugmyndir um hvernig þið viljið háttu umgengni á heimilinu frekar en að annað ykkar sé betur til þess fallið að meta og halda uppi stemmingunni en hitt.

### Röddin hækkar og hjartslátturinn verður örari

Í hita leiksins þegar taugakerfið er komið á yfirsýning nær enginn að tala með skynsemistöðvum heilans. Það þýðir að þegar rifrildin

byrja, röddin hækkar og hjartslátturinn verður örari þá er næsta víst að rifrildið skilar ekki skynsamlegri niðurstöðu. Sum þör velja sér „timeout-orð“ sem merkir að þau hætta og sammælast um að ræða þennan atburð síðar þegar allt er rólegra. Þarf þá að fylgja reglunni hvenær umræðan skuli fara fram.

Í rifrildum hættir fólki til að alhæfa, ásaka og dæma, nokkuð sem kallar á varnarviðbrögð mótherja. Ef við reynum heldur að útskýra og skilja finnum við frekar lausnir sem samherjar.

### Tuð er hegðun

Til þess að uppræta rifrildin þarf að komast á dýptina. Tuð er hegðun, en að baki hegðun liggja tilfinningar. Hans hegðun, tuð, hefur áhrif á þínar tilfinningar sem láta þig sýna honum ákveðna hegðun, vonandi ekki að rota hann, en mögulega hreyta í hann ónotum. Þegar þú gerir það framkallar þú hjá honum líðan sem kallar ekki fram hans bestu hegðun. Þannig festist þið í rifrildisvítahring sem lítur svona út:

Hegðun – ýtir á tilfinningar – sem kalla á hegðun – sem aftur framkallar tilfinningar.

Til þess að rjúfa svona mynstur þarf því að greina annars vegar hegðun og hins vegar tilfinningar.

### Hvað þarft þú svo að rifrildin brjótist ekki út?

Án þess að þekkja ykkur tel ég líklegt að skórnir og þurrkarinn séu einungis birtingarmyndir undirliggjandi titrings hjá mannum þínum. Það er eitthvað að trufla hann og þið þurfið að komast að því hvað það er og hvernig þið getið fyrirbyggt það. Getur verið að honum líði þannig að það sem þú telur til smáatriða geti honum þótt stórmál? Ég leyfi mér að velja því upp hvort honum finnst lítið hlustað á sig í tengslum við umgengni og sé því farinn að hækka róminn. Það er vond tilfinning og ef hann fær ekki skilning á sinni líðan þá brýst það út í þirringi. Sömuleiðis hefur þú fullan rétt á því að tjá þig um hvernig þú vilt forgangsraða heimilisstörfum. Kannski viltu hafa þvottinn í þurrkaranum lengur



*Hans hegðun, tuð, hefur áhrif á þínar tilfinningar sem láta þig sýna honum ákveðna hegðun, vonandi ekki að rota hann, en mögulega hreyta í hann ónotum.*

en hann? Eða viltu að hann minni þig á fötin á þurrkaranum? Hvað þarft þú svo að rifrildin brjótist ekki út?

### Ekkert rétt eða rangt

Það er ekkert rétt eða rangt varðandi þvott í þurrkara eða óraðaða skó. Um það hafa a.m.k. ekki verið skrifaðar margar vísindagreinar. Aftur á móti eru til skýrar vísbendingar um að þör sem setja sér umgengnisreglur, skipta með sér verkum og endurmeta reglulega hvernig fyrirkomulagið hentar rífist sjaldnar en þör sem hafa hoppað yfir

þann reit á spilaborðinu.

Mitt ráð til þín, kæra vinkona, er að setjast niður með mannum þínum, reyna að kryfja erfiðar stundir og finna merki sem geta þýtt upphaf að rifrildum. Ef þið getið „hætt“ áður en þið „byrjið“ þá eru þið að fyrirbyggja. Með því að tjá líðan og reyna að skilja hvort annað finnast frekar sameiginlegar leiðir til þess að draga úr togstreitu. Þannig sigrist þið á þessari súru stemmingu og heimilislífið verður aftur gott.

Ég átta mig á því að það

getur verið töluvert auðveraldara að skrifa þetta en framkvæma, en ég hef séð dæmi þess að fólk nær mjög góðum tökum á vítahring sem það hélt að það myndi aldrei losna úr. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: [hjonabandssaela@gmail.com](mailto:hjonabandssaela@gmail.com).

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálfsögðu nafnlaust og undir fullum trúnaði.





# HELGAR KROSSGÁTAN

	STÖÐVUN		NAFN-BÆTUR		ÚT ÁGENGUR		YFIR-LÝSING		SKILJA EFTIR		SVEIPUR		HELGI-DÓMUR		
	BLAÐ-LEGGUR														
	ÆTTGÖFGI														
	SPIL										FARÐI				
	ÁÆTLUN										FOK-VONDUR		3		
ÓBREYTT										SKJÓTUR					
EITRA AFBRAGÐS		FLAUSTUR ÖNUG		SVALL HNATUR											
SLÆVA						BAUNI						ARÐUR		ERGJA	
TÓM						SIÐUR									
RÖLTA						TVÍNÓNA						HERMA			
SKORTUR						BOÐ		ÓBYGGÐIR AÐ-VELDUR				7		FRAM-VEGIS	
SKINN-SPRETTU		KLÖPP		SMINKUN FUGL		5				TORSKILIÐ		GED			
POKADÝR										KRABBA-DÝR VERKFÆRI					
STRÍÐNI		4				ÚTSÝNIS-STADUR		KAUÐA		1				STÓREFLIS	
SPROTA								HJARTAR-DÝR ÁFERGJA		SVEI-ATTAN		TVEIR EINS PÆJA			
GAUR		MEST		UPPHÆÐIR		HARÐÆRI				FISKUR VARPA				PÁSA	
				VANDRÆÐI BAKSA						BAUKUR BLEK					
ÞVENGUR						ÓBEIT				LOFT-SIGLING					
MAGN				6		TRAUÐUR				ALUR BRÁÐRÆÐI					
						SKRÁ				BERJA					
VÍNANDI								SKILJA							



## Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Þórir H. Óskarsson, Hveragerði.

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is) ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.



Verðlaun fyrir rétt svar er bókinn Plan B eftir Guðrúnu Ingu Ragnarsdóttur.

Gyða er afkastamikið skáld sem hefur aldrei komið bók út á prenti þrátt fyrir margar tilraunir til þess að heilla útgefendur. En nú er hún með frábæra hugmynd að stórri skáldsögu sem er byggð á skrautlegu fólki sem hún vann með í heimaþjónustu Kaupmannahafnar.

Þegar ritstífla setur strik í reikninginn ákveður Gyða að endurnýja kynnin við gömlu vinnufélagana og til að halda sér í formi skrifar hún um sitt eigið líf, Plan B. Í Kaupmannahöfn flækist hún fljótt í lítríkan lygavef.

Plan B er fyrsta skáldsaga Guðrúnar Ingu Ragnarsdóttur, frumleg og listavel spunnin saga af ferðalagi sem tekur óvænta stefnu. Bráðfyndin og snjöll samtímasaga um væntingar og vonbrigði.

# SUDO KU

Lausnarorð þessarar Helgarkrossgátu er:

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

	3			5		2	
			7				
9		6	3				
		1		4	2	9	6
			6		7		
		2		5	1		8
7	1	4					
			6				
		9	1			5	4

			5				
		9	1	7			
4	5				9	1	2
					4	7	
			2		5		6
			3	8		9	
8							
			3	7		8	4
7				2			6

## Lausn síðustu helgarkrossgátu

SKIP	SHRÓ	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
GÚLPA	RÖLTA	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
RÖRUN	ÆTÍÐ	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
VERRI	SAFI	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
FA	LÓN	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
N	SLEIF	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
S	BISA	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
STÁTA	AFSTÝRA	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
V	ALUR	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
F	IMM	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
A	U	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
N	RUSL	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
A	SÆLUK	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
S	NAR	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
P	AKA	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
K	UFL	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
A	LNÆMI	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
L	D	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR
L	INAN	SKILJA	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR	SKJÓTUR	VERKJÓTUR

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

Sudoku grid with numbers 1-9 in specific cells.

AMERÍSK KROSSGÁTA

American crossword puzzle grid with numbers 1-39 indicating starting points.

- Lárétt 1. skeina, 6. hald, 11. bragarhátturn, 12. helber, 13. dáð, 14. handsama, 15. drykkur, 16. ávöxtur, 17. álits, 18. fisk, 19. flan, 20. flatfótur, 23. kraftur, 26. ólæti, 27. mála, 31. kjöt, 33. laugun, 34. espa, 35. stjökun, 36. kærleiks, 37. líffæri, 38. trappa, 39. út, Lóðrétt 1. skellur, 2. snúa heyi, 3. rask, 4. sjálfstæði, 5. gljáhúð, 6. rándýr, 7. útungun, 8. örðu, 9. faga, 10. dá, 18. hylti, 21. verri, 22. missir, 23. frárennsli, 24. nær öll, 25. hæð, 28. ötull, 29. mál, 30. lykt, 32. band, 33. bær

STAFARUGL

Leynieyjan í síðasta stafarugli var ein þeirra eyja Íslands sem ekki margir hafa barið augum né heyrt nefndar og ber hið sérstaka nafn Karlinn. Svo ég er ekki viss um að öllum hafi tekist að koma auga á þessa leyneyju í stafaruglinu.

En núna höldum við burt frá Karlinum og út á haf og markmiðið er að finna 20 misþekktu fiska sem lifa við

Ísland. Flestir þeirra eru þó vel þekktir og margir gestir á borðum fólks en aðra hafa margir ekki áður heyrt nefnda þótt þeir séu gannar okkar.

Líkt og venjulega eru það nöfn 20 fiska sem skal finna en aðeins eru gefin upp nöfn 19 þeirra og sá 20. er leynieyja vikunnar. Til að gefa fólki smá vísbendingu þá ber sá fiskur frekar tignarlegt nafn.

Table with 5 columns: bleikja flundra hákarl lax, langlúra loðna lúða keila, kolmunni sandkoli síld skarkoli, skötuselur skrápflúra spærlingur stórkjasta, urriði ýsa þorskur

Large grid of letters used for the word search puzzle.

Advertisement for Rekstrarumsjón ehf. featuring a house icon with 'RU' inside, and text: LÁTID OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS. Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði. Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag! Rekstrarumsjón ehf. • Dalshrauni 11, 220 Hafnarfirði • S: 571 6770 • www.rekstrarumsjon.is • umsjon@rekstrarumsjon.is

# ÁHRIFAVALDAR SEM HAFA OPNAÐ SIG UM jákvæða líkamsímynd


Umræða um jákvæða líkamsímynd hefur verið umfangsmikil á Íslandi síðustu ár.



SKJÁSKOT/INSTAGRAM @ISOLDHALLDORUDOTTIR




INSTAGRAM @MARGRETNARR



INSTAGRAM @LINABIRGITTAISIF



INSTAGRAM @BRYNNALE



INSTAGRAM @ERNAHRUND

Jákvæð líkamsímynd snýst um að bera virðingu fyrir líkama sínum og líða vel í eigin skinni. Jákvæð líkamsímynd hefur verið sérstaklega áberandi á samfélagsmiðlum. Hér eru nokkrir íslenskir áhrifavaldar sem hafa opnað sig um líkamsímynd við góðar undirtektir. Listinn er langt frá því að vera tæmandi, þetta er aðeins brot af því merkilega hlutverki sem þessar konur hafa leikið í baráttunni fyrir bættri líðan og aukinni sjálfsvirðingu.



SKJÁSKOT/INSTAGRAM @SUNNEVAEINARS

Áhrifavaldurinn Sunneva Einarsdóttir birti öðruvísi mynd en venjulega á dögnum. Hún sýndi aðra hlið á sér og skrifaði með: „Sjálfásst.“

Fyrirsætan Ísold Halldóruddóttir er ötul baráttukona fyrir líkamsvirðingu. Hún hefur vakið mikla athygli, bæði hér heima og erlendis. Hún deilir myndum á Instagram og skrifar oft með texta um bættu líkamsímynd.

„Ég ákvað að vera hávær með líkama mínum, að vera stolt af honum á meðan ég sýni heiminum galla mína, óöryggi mitt, efasemdir mínar, erfiðleika mína og yfirþyrmandi tilfinningu að vilja vera fullkomin. En ég er það [...] Ég er fullkomin, því ég er fullkomlega ég sjálf,“ skrifar Ísold á Instagram í september síðastliðnum.

Einkabjálfarinn Margrét Gnarr hefur verið mjög opin um baráttu sína við átröskun. Hún hefur verið í bata undanfarin tvö ár og eignaðist sitt fyrsta barn í janúar. Hún birtir reglulega færslur um jákvæða líkamsímynd og hvernig henni líður gagnvart líkama sínum hverju sinni.

„Það er ekki samasemmerki milli þess að léttast og lækna neikvæða líkamsímynd. Ég þarf að minna mig á það í hvert skipti sem ég hugsa um að létta mig,“ skrifar Margrét í færslu á Instagram fyrir í mánuðinum.

Athafnakonan Lína Birgitta hefur talað opinberlega um baráttu sína við átröskun. Hún glímdi við lotugræðgi í mörg ár en er í dag heilbrigð. Hún opnaði sig um líkamsímynd sína í einlægri færslu á Instagram árið 2018.

„Breytt hugarfar gagnvart eigin líkama er lykillinn að því að líða vel í eigin skinni. Í staðinn fyrir að fókusa á það slæma, fókusaðu á það góða og hvað líkaminn gerir þér kleift að gera! Það er líka magnað að þæla í því hvað líkaminn okkar hefur komið okkur í gegnum margt í lífinu!“ skrifar hún.

Fyrirsætan Bryndís Líf birti myndir af slitförum sínum og opnaði sig um líkamsímynd í Instagram Story í kjölfarið.

„Mér finnst stundum erfitt að deila myndum af mér þar sem ég er ekki uppstillt. Ég á það til að vera óörugg en ég er að vinna í því að láta þetta hætta að skipta mig máli. Ekki gleyma að við erum öll eins, við erum öll falleg og við erum öll með magaspik (e. tummy rolls) [...] Samfélagsmiðlar eru ekki raunverulegir. Hættum að bera okkur saman við fólk því í rauninni erum við öll eins.“

Erna Hrunn opnaði sig nýverið um svokallaðan „magabömmur.“ Hún lýsir því sem „tilfinningu sem kemur alltaf reglulega upp í hausinn á mér“. „Ég er almennt manneskja sem er að springa úr sjálfstrausti allan daginn. Ég ber mig vel, geng um eins og ég eigi heiminn liggur við en þegar maginn kemur út þá vil ég helst tynast. Held þetta verði stanslaus barátta hjá mér sjálfri og mér finnst ég fara fram og tilbaka en ég er bara mannleg og ég veit að ég er minn allra stærsti gagnrýnandi,“ sagði hún.



EIGUM MARGA LITI Á LAGER

## ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500





## UTAN VALLAR

Hörður Snævar Jónsson



Illa rekin íþróttafélög nota veiruna til að koma rekstri sínum í jafnvægi. MYND/ANTON BRINK

Kórónuveiran hefur haft áhrif á alla og íþróttafélög finna fyrir henni eins og aðrir, engar æfingar hafa mátt fara fram hér á landi síðustu vikur. Þá hafa mörg knattspyrnufélög farið fram á að leikmenn lækki laun sín, sökum þess að reksturinn verði nánast ómögulegur vegna veirunnar.

Það má vel vera að reksturinn verði þungur á næstu mánuðum en að vandamálið hafi orðið svo stórt strax á fyrsta degi og veiran gerði vart við sig hér á landi, er í besta falli hlægilegt og umræðan ómarktæk.

*Í besta falli hlægilegt og umræðan ómarktæk.*

Sem dæmi gat ÍA aðeins borgað helming launa leikmanna um síðustu mánaðamót, það hefur ekkert með veiruna að gera heldur aðeins illa rekið fyrirtæki sem var rekið með rúmlega 60 milljóna króna halla á síðasta ári.

ÍTF, sem eru hagsmunasamtök félaga í efstu deildum hér á landi, hafa blandað sér í umræðuna. Mörg félög hafa áhyggjur af málflutningi samtakanna á meðan skipstjórninn þar, Birgir Jóhannsson, talar þeirra máli. Birgir var framkvæmdastjóri FH þegar knattspyrnudeild félagsins varð nánast gjaldþrota á síðasta ári. Ekki beint sannfærandi málsvari fyrir félög í vanda.

Rekstur knattspyrnudeilda hefur að miklu leyti verið óabyrgur síðustu ár, ekki verður hægt að kenna veirunni um nema brotabrot af því vandamáli sem nú virðist blasa við. Veiran verður vonandi til þess að knattspyrnudeildir tryggi ábyrgari rekstur í stað þess að allt stefni í ófni við minnsta áfall. ■



Guðlaugur Victor hefur stimplað sig inn í íslenska landsliðið á óvæntan hátt. MYND/ANTON BRINK

# LAUNALÆKKUN SEM ALLIR SÆTTU SIG VIÐ AÐ LOKUM

Í eðlilegu árferði eru góðar líkur á því að Guðlaugur Victor væri að undirbúa sig undir stærsta augnablikið á ferlinum.

Hörður Snævar Jónsson  
hoggi@433.is



Í blíðskaparveðri í Þýskalandi tekur Guðlaugur Victor Pálsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, símann þegar blaðamaður slær á þráðinn til hans. Eins og í flestum löndum heims hafa verið breyttar aðstæður í Þýskalandi síðustu vikur vegna kórónuveirunnar. Guðlaugur hefur búið í Þýskalandi í rúmt ár og unir hag sínum vel. Hann er orðinn þaulreyndur í að aðlagast nýjum aðstæðum enda hefur hann þrátt fyrir ungan aldur búið í níu löndum.

Það getur reynst atvinnumanni í fremstu röð erfitt að æfa þegar allt er lokað, hvernig hefur Guðlaugur farið að? „Fyrstu fjórar vikurnar vorum við að æfa heima, það var bara æfingaáætlun frá félaginu sem farið var eftir. Það var ekkert mál að halda þetta út til að byrja með en þegar líða fór á þetta, þá varð það erfiðara. Ég hef reynt að æfa, fara í háttinn á skikkan-

legum tíma og borða vel. Ef þú hefur ekki rútínu flesta daga, þá ertu í veseni,“ segir Guðlaugur sem leikur í næstefstu deild Þýskalands með Darmstadt.

Í Þýskalandi hefur vel tekist til við að bæla veiruna niður og nú er byrjað að taka skrefin í að opna samfélagið. „Við erum búnir að æfa í tvær vikur í sex manna hópum. Hér er stefnt á að deildin fari af stað 9. maí en það er ekki endanleg ákvörðun. Við fáum að vita meira á næstu dögum og þá byrjum við að æfa allir saman í næstu viku. Það er þá tveggja vikna undirbúningur fyrir fyrsta leik.“

## Veiran rífur aura úr buddu Guðlaugs

Á Íslandi hefur meira og minna allt verið opið á sama tíma og veiran hefur gert vart við sig, sömu sögu er að segja í Þýskalandi þó að lögreglan hafi vaktað fólk. „Í samfélaginu hafa tveir einstaklingar mátt vera saman. Þetta hefur ekkert verið alltof strangt, lögreglan var meira á ferðinni og stoppaði hópa sem voru saman og það fólk um að fara

*Félagið hafði ekki rétt á að skipa okkur að gera þetta.*

í tveggja manna hópa.“

Faraldurinn hefur hins vegar orðið til þess að Guðlaugur fær færri evrur í vasa sinn næstu þrjá mánuðina. „Við tókum á okkur 20 prósent launalækkun næstu þrjá mánuðina. Félagið hafði ekki rétt á að skipa okkur að gera þetta. Við ræddum þetta saman sem lið og það var rætt fram og til baka. Það voru ekki allir klárir í þetta til að byrja með en ég veit ekki betur en að allir hafi samþykkt þetta að lokum.“

## Í sínu besta formi

Guðlaugi tókst á síðasta ári að eigna sér stöðu hægri bakvarðar í íslenska landsliðinu. Það var nokkuð óvænt enda hafði hann sjaldan komist í hópinn síðustu ár. Þá hefur hann spilað frábærlega í

Þýskalandi og verið besti leikmaður Darmstadt sem situr í sjötta sæti deildarinnar.

„Þetta hefur þróast vel á þessu tímabili. Það er búið að vera skemmtilegt með félagsliði og landsliði. Þetta er eftirminnilegasta tímabilið hingað til, mér hefur vegnað vel í Þýskalandi og ég hef verið meira með landsliðinu en áður.

Þetta eru sérstakir tímar, ef allt hefði verið eðlilegt í heiminum þá eru góðar líkur á að Ísland væri núna að undirbúa sig undir Evrópumót. Það sem hefur verið erfiðast síðustu vikur er óvissan, það er ekki í þínum höndum hvernær þú mætir aftur til vinnu og ferð aftur út á völlum,“ segir Guðlaugur að lokum og kveðst nú þurfa að fara að hugsa um son sinn sem kallar eftir athygli. ■



**FAGVERK**



# VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í MALBIKUN

Malbikunarframkvæmdir eru okkar sérsvið. Við tökum að okkur malbikun á bílastæðum, stígum, götum, vegum og hvar sem þarf að malbika. Við tryggjum fyrirtaks þjónustu sem svarar ýtrustu gæða- og öryggiskröfum. Hafðu samband.

malbikstodin.is | 864 1220 | Flugumýri 26 | Mosfellsbær



fuzzy

Íslensk hönnun: Sigurður Már · Íslensk framleiðsla



## SAND KORN



### Baddi genginn út

Bjarni Lárus Hall er genginn út. Sú heppna er Sunna Sæmundsdóttir, en parið hefur verið að stinga saman nefjum um nokkurt skeið. Bjarni, eða Baddi, er fertugur að aldri og þekktastur fyrir að vera söngvari hljómsveitarinnar Jeff Who?. Sunna er 31 árs risandi stjarna í fjölmiðlaheiminum og er landsmönnum kunn úr kvöldfréttum en hún er fréttamaður hjá Stöð 2 og Vísi. Bæði eiga þau börn úr fyrri samböndum.

### Á Kjarvalsstofu í samkomubanni

Kjarvalsstofa er merkilegur staður í Austurstræti 10a. Þar hefur vinnustofa listmálans Jóhannesar Kjarval verið umbreytt í vinnusvæði skapandi fólks, fyrirtækja og þingmanna. Staðurinn er rómaður fyrir góða fundaradstöðu og vinnurými.


Það verður stundum glatt á hjalla á Kjarvalsstofu enda er bar á staðnum. Samkvæmt heimasíðu Kjarvalsstofu er svæðið lokað leigjendum og gestum þeirra eftir klukkan 23 á kvöldin. Það hefur þó ekki komið í veg fyrir gleðskap eftir miðnætti. Svæðið er ekki stórt og undanfarið hafa staðarhaldarar átt fullt í fangi með að uppfylla ákvæði samkomubanns um hámarksfjölda fólks í rými og tveggja metra fjarlægðarregluna þegar þingmenn og aðrir gestir hafa lyft þar glösum og spjallað saman.

Maður er manns gaman. Gestum Kjarvalsstofu verður eflaust eins og mörgum öðrum létt þegar aflétting á samkomubann hefst þann 4. maí. ■



Hvað ætli Kjarval hefði sagt við þessu?

LOKI



HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mánn GREIÐSLUR

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND \*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Á SVEFNOGHEILSA.IS

VEFVERSLUN svefnogheilsa.is

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

NÝ SENDING AF SÆNGUM BY BRINKHAUS



Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/öðra breytingar.

ÚRVAL AF SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



PRESTON

Svefnsófi

Verð áður kr.-249.900

NÚ AÐEINS KR. 224.910

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM



20-50% AFSLÁTTUR

NÝTT OUTLET

Gerðu frábær kaup

20-50% AFSLÁTTUR




Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU\*  
\*Samkvæmt könnun frá Gallup.

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150 | OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16  
UMBODSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir